# Biblían



HVER ER BOÐSKAPUR HENNAR?

# Biblían
## HVER ER BOÐSKAPUR HENNAR?



## EFNISYFIRLIT


Kafli

1 Paradís sköpuð handa manninum [bls. 4]
2 Paradísin glatast [bls. 5]
3 Mennirnir lifa af flóðið [bls. 6]
4 Guð gerir sáttmála við Abraham [bls. 7]
5 Guð blessar Abraham og ætt hans [bls. 8]
6 Job er ráðvandur Guði [bls. 9]
7 Guð frelsar Ísraelsmenn [bls. 10]
8 Ísraelsmenn ganga inn í Kanaan [bls. 11]
9 Ísraelsmenn biðja um konung [bls. 12]
10 Stjórnviska Salómons [bls. 13]
11 Innblásin ljóð sem hughreysta og fræða [bls. 14]
12 Viska til leiðsagnar í lífinu [bls. 15]
13 Góðir konungar og slæmir [bls. 16]

Kafli

14 Guð talar fyrir munn spámanna [bls. 17]
15 Spámaður í útlegð fær innsýn í framtíðina [bls. 18]
16 Messías kemur [bls. 19]
17 Jesús fræðir fólk um ríki Guðs [bls. 20]
18 Jesús vinnur kraftaverk [bls. 21]
19 Jesús spáir langt fram í tímann [bls. 22]
20 Jesús Kristur líflátinn [bls. 23]
21 Jesús er upprisinn [bls. 24]
22 Postularnir prédika djarfmannlega [bls. 25]
23 Fagnaðarerindið breiðist út [bls. 26]
24 Páll skrifar söfnuðunum [bls. 27]
25 Leiðbeiningar um trú, hegðun og kærleika [bls. 29]
26 Paradís endurheimt! [bls. 30]



© 2009
WATCH TOWER BIBLE
AND TRACT SOCIETY
OF PENNSYLVANIA
*The Bible — What Is Its Message?*
Öll réttindi áskilin

© 2009
Wachtturm Bibel- und Traktat-Gesellschaft der Zeugen Jehovas, e. V.
Selters/Taunus
í samvinnu við Votta Jehóva á Íslandi
*Biblían — hver er boðskapur hennar?*
Alle Rechte vorbehalten



Útgáfa frá 2010

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri biblíufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 2007 nema annað sé tekið fram.

*The Bible — What Is Its Message?*
Icelandic (*bm*-IC)

Made in Germany
Prentað í Þýskalandi
Druck und Verlag:
Wachtturm-Gesellschaft
Selters/Taunus

# Af hverju ættirðu að kynna þér Biblíuna?



Hefurðu kynnt þér Biblíuna? Þessi einstaka bók er jafnframt langútbreiddasta bók í sögu mannkyns. Fólk frá alls konar menningarheimum hefur fundið von og huggun í boðskap hennar og hún hefur reynst góður leiðarvísir í daglegu lífi. Margir vita þó lítið um Biblíuna. Kannski vilt þú kynnast henni betur, hvort sem þú ert trúhneigður eða ekki. Þetta rit er samið í þeim tilgangi að gefa aðgengilegt yfirlit yfir efni Biblíunnar.

ÁÐUR en þú tekur þér Biblíuna í hönd og byrjar að lesa er gott fyrir þig að vita örlítið um hana. Biblían, sem er einnig kölluð Heilög ritning, er safn 66 minni bóka. Sú fyrsta heitir 1. Mósebók en sú síðasta er nefnd Opinberunarbókin.

Hver er höfundur Biblíunnar? Það er athyglisverð spurning. Biblían var skrifuð á rúmlega 1.600 árum og um það bil 40 menn tóku þátt í verkinu. Þessir menn segjast þó ekki vera höfundar Biblíunnar. „Sérhver ritning er innblásin af Guði,“ skrifaði einn þeirra. (2. Tímóteusarbréf 3:16) Annar sagði: „Andi Drottins talaði af munni mínum, orð hans var mér á tungu.“ (2. Samúelsbók 23:2) Ritararnir halda því fram að Jehóva Guð, Drottinn alheims, sé höfundur Biblíunnar. Þeir benda á að hann vilji vera í nánum tengslum við mennina.

Til að skilja Biblíuna þarf líka að hafa annað í huga. Meginviðfangsefni hennar er að staðfesta rétt Guðs til að stjórna mannkyni fyrir milligöngu ríkis síns á himnum. Í þessu riti geturðu kynnt þér hvernig þetta þema er eins og rauður þráður allt frá 1. Mósebók til Opinberunarbókarinnar.

Hafðu þetta í huga þegar þú kynnir þér efni vinsælustu bókar í heimi, Biblíunnar.

## GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR UM BIBLÍUNA

- Hún var skrifuð á 1.610 árum, frá 1513 f.Kr. til 98 e.Kr.
- Fyrstu 39 bækurnar voru að mestu leyti skrifaðar á hebresku en hluti á arameísku. Þær eru kallaðar Hebresku ritningarnar eða Gamla testamentið.
- Síðustu 27 bækurnar voru skrifaðar á grísku og eru kallaðar Grísku ritningarnar eða Nýja testamentið.
- Bækur Biblíunnar skiptast í kafla og vers. Þegar skrifað er Matteus 6:9, 10 er átt við 6. kafla Matteusarguðspjalls, 9. og 10. vers.

• 1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf
2. Tímóteusarbréf
Títusarbréfið
Fílemonsbréfið
Hebreabréfið
Jakobsbréfið
1. Pétursbréf
2. Pétursbréf
1. Jóhannesarbréf
2. Jóhannesarbréf
3. Jóhannesarbréf
Júdasarbréfið
Opinberunarbókin



# 1 Paradís sköpuð handa manninum

Guð skapar alheiminn og lífið á jörðinni. Hann skapar fullkominn karl og konu, kemur þeim fyrir í undurfögrum garði og gefur þeim ákveðin fyrirmæli.

„Í UPPHAFI skapaði Guð himin og jörð.“ (1. Mósebók 1:1) Menn hafa kallað þetta frægustu inngangsorð sem skrifuð hafa verið. Með þessum einföldu en tignarlegu orðum er kynnt til sögunnar aðalpersóna Heilagrar ritningar — alvaldur Guð, Jehóva. Í fyrsta versi Biblíunnar kemur fram að Guð hafi skapað hinn víðáttumikla alheim ásamt jörðinni þar sem við búum. Í versunum á eftir segir frá því að Guð hafi síðan búið jörðina undir komu mannsins og skapað öll þau undur sem er að finna í náttúrunni. Þetta gerðist á sex löngum tímabilum sem eru kölluð dagar.

Maðurinn var mesta sköpunarverk Guðs á jörð. Nú var komin fram sköpunarvera sem var gerð eftir mynd Guðs — fær um að endurspegla eiginleika hans eins og kærleika og visku. Guð skapaði manninn af moldu jarðar. Hann nefndi hann Adam og setti hann í paradís, garðinn Eden. Það var Guð sjálfur sem plantaði þennan garð og fyllti hann af fallegum aldintrjám.

Guð vissi að það væri gott fyrir manninn að eiga sér maka. Hann tók rifbein úr Adam og myndaði af því konu sem hann leiddi til hans og gaf honum fyrir eiginkonu. Hún var síðar nefnd Eva. Adam var yfir sig hrifinn og sagði þessi ljóðrænu orð: „Loks er hér bein af mínum beinum og hold af mínu holdi.“ Guð sagði: „Af þessum sökum yfirgefur maður föður sinn og móður sína og býr með eiginkonu sinni, og þau verða eitt.“ — 1. Mósebók 2:22-24; 3:20.

Adam og Eva fengu tvenn fyrirmæli frá Guði. Í fyrsta lagi áttu þau að annast jörðina og fylla hana smám saman afkomendum sínum. Í öðru lagi sagði Guð þeim að þau mættu ekki borða ávöxt af einu tré í öllum garðinum. Það var nefnt „skilningstré góðs og ills“. (1. Mósebók 2:17) Þau myndu deyja ef þau óhlýðnuðust. Með þessum fyrirmælum gaf Guð manninum og konunni tækifæri til að sýna að þau viðurkenndu hann sem stjórnanda sinn. Með því að vera hlýðin gætu þau jafnframt látið í ljós að þau væru þakklát Guði og elskuðu hann. Þau höfðu ærna ástæðu til að virða yfirráð hans. Og þau voru fullkomin og gallalaus. Í Biblíunni segir: „Guð leit allt sem hann hafði gert, og sjá, það var harla gott.“ — 1. Mósebók 1:31.

*— Byggt á 1. Mósebók 1. og 2. kafla.*

- Hvernig er sköpun mannsins og jarðarinnar lýst í Biblíunni?
- Hvers konar líf bauð Guð manninum og konunni upp á?
- Hvaða fyrirmæli gaf Guð fyrstu hjónunum?

## NAFN GUÐS

Í Biblíunni eru notaðir ýmsir titlar til að lýsa Guði, svo sem skapari og almáttugur Guð. Sumir af titlunum eru notaðir til að lýsa eiginleikum hans, svo sem heilagleika, mætti, réttlæti, visku og kærleika. En Guð gaf sjálfum sér líka einstakt eiginnafn — *Jehóva.* Þetta nafn er að finna um 7.000 sinnum í frummálshandritum Biblíunnar, fyrst í 1. Mósebók 2:4. Nafnið Jehóva merkir „hann lætur verða“. Það er traustvekjandi því að það merkir að Guð getur hrint í framkvæmd öllu sem hann ætlar sér og staðið við öll loforð sem hann gefur.



# 2 Paradísin glatast

Engill gerir uppreisn og fær fyrstu hjónin, þau Adam og Evu, til að hafna yfirráðum Guðs með þeim afleiðingum að synd og dauði halda innreið sína.



LÖNGU áður en Guð skapaði mennina skapaði hann fjölda ósýnilegra andavera, engla. Einn af englunum gerði uppreisn og var síðar nefndur Satan djöfullinn. Hann reyndi með slægð að freista Evu til að borða ávöxt eina trésins sem Guð hafði sagt að ekki mætti snerta.

Satan talaði gegnum höggorm og gaf í skyn að Guð meinaði konunni og manni hennar um viss gæði. Hann sagði Evu að þau hjónin myndu *ekki* deyja þó að þau borðuðu forboðna ávöxtinn. Þannig sakaði hann Guð um að ljúga að börnum sínum á jörð. Freistarinn lét í veðri vaka að það væri eftirsóknarvert að óhlýðnast Guði og hefði frelsi og þekkingu í för með sér. En það var hrein lygi — fyrsta lygin á jörð. Málið snerist í rauninni um drottinvald Guðs — um það hvort hann hefði rétt til að stjórna og hvort hann stjórnaði með réttlæti og bæri hag þegna sinna fyrir brjósti.

Eva trúði lyginni. Hún fór að girnast ávöxt trésins og lét að lokum freistast til að borða af honum. Síðar gaf hún manninum sínum og hann borðaði líka. Þar með urðu þau syndarar. Þessi verknaður, sem virtist einfaldur, var raunar uppreisn gegn Guði. Með því að ákveða að óhlýðnast fyrirmælum Guðs höfnuðu Adam og Eva yfirráðum skaparans sem hafði gefið þeim allt, þar á meðal líf og fullkomleika.

Guð lét uppreisnarseggina svara til saka. Hann lofaði að senda frelsara sem er kallaður niðjinn og þessi frelsari myndi útrýma Satan sem er nefndur höggormurinn. Guð frestaði um tíma að fullnægja dauðadóminum yfir Adam og Evu og miskunnaði þannig ófæddum afkomendum þeirra. Þeir áttu sér von vegna frelsarans sem Guð ætlaði að senda til að gera að engu hörmulegar afleiðingar uppreisnarinnar í Eden. Eftir því sem ritun Biblíunnar miðaði fram var opinberað smám saman hver þessi frelsari væri og hvernig hann myndi sjá til þess að vilji Guðs næði fram að ganga.

**Niðjinn ‚skal merja höfuð þitt og þú skalt höggva hann í hælinn‘.**
***— 1. Mósebók 3:15.***

Guð rak Adam og Evu úr paradís. Nú þurftu þau að vinna baki brotnu til að draga fram lífið og yrkja jörðina fyrir utan Eden. Eva varð ófrísk og ól Kain, fyrsta barn sitt. Hjónin eignuðust síðan fleiri syni og dætur, þeirra á meðal Abel og Set sem var forfaðir Nóa.

*— Byggt á 1. Mósebók 3. til 5. kafla og Opinberunarbókinni 12:9.*

■ Hver var fyrsta lygin og hver sagði hana?
■ Hvernig glötuðu Adam og Eva paradísinni?
■ Hvernig veitti Guð afkomendum Adams og Evu von þegar hann lét uppreisnarseggina svara til saka?

## ÓFULLKOMLEIKI OG DAUÐI

Guð skapaði Adam og Evu fullkomin. Þau áttu í vændum að lifa að eilífu í paradís. Þau syndguðu þegar þau gerðu uppreisn gegn Guði. Þar með glötuðu þau fullkomleikanum og slitu á tengslin við uppsprettu lífsins, Jehóva. Þaðan í frá var óhjákvæmilegt að þau og ófullkomnir afkomendur þeirra syndguðu og dæju að lokum.
— Rómverjabréfið 5:12.



# 3 Mennirnir lifa af flóðið

Guð eyðir illum heimi en bjargar Nóa og fjölskyldu hans.

ÞEGAR mönnunum fjölgaði breiddist illska og synd út um jörðina. Guð átti sér einn spámann, Enok, sem boðaði að Guð ætlaði að eyða óguðlegum mönnum. En illskan hélt áfram að magnast. Sumir af englunum gerðu uppreisn gegn Jehóva, yfirgáfu bústað sinn á himnum, komu fram í mannsmynd hér á jörð og tóku sér konur sem þeir girntust. Slík sambönd voru óeðlileg. Afkvæmin voru risar að vexti og juku með yfirgangi sínum á ofbeldi og blóðsúthellingar jarðarbúa. Það hryggði Guð að horfa upp á spillinguna á jörðinni.

Einn maður sker sig úr í spilltum heimi eftir að Enok er dáinn. Hann heitir Nói. Hann og fjölskylda hans reyna að gera það sem er rétt í augum Guðs. Þegar Guð ákveður að eyða óguðlegum mönnum þess tíma vill hann vernda Nóa og dýralíf jarðar. Hann segir því Nóa að smíða stóra, kassalaga örk. Í henni geta Nói og fjölskylda hans bjargast ásamt fjölmörgum dýrategundum þegar mikið flóð gengur yfir heiminn. Nói hlýðir Guði. Smíði arkarinnar tók nokkra áratugi og á meðan var Nói einnig ‚boðberi réttlætisins‘. (2. Pétursbréf 2:5) Hann varar fólk við flóðinu en enginn hlustar.

Loks rennur upp stundin að Nói og fjölskylda hans ganga í örkina ásamt dýrunum. Guð lokar dyrum arkarinnar á eftir þeim. Síðan tekur að rigna.

Það hellirignir í 40 daga og nætur uns öll jörðin er komin í kaf. Hinir óguðlegu eru horfnir. Margir mánuðir líða. Vatnið sjatnar og loks tekur örkin niðri á fjalli. Þegar farþegum arkarinnar er óhætt að yfirgefa hana eru þeir búnir að vera heilt ár um borð. Nói tjáir Jehóva þakklæti sitt með því að færa honum fórn. Jehóva lofar þá Nóa og fjölskyldu hans að hann muni aldrei framar afmá allt líf af jörðinni í flóði. Hann setur regnbogann sem sýnilega tryggingu til að minna á þetta traustvekjandi loforð.

Guð gaf mönnunum ýmis ný fyrirmæli eftir flóðið. Hann leyfði þeim að borða kjöt en bannaði þeim að leggja blóð sér til munns. Hann segir afkomendum Nóa að dreifa sér um jörðina en sumir þeirra óhlýðnast fyrirmælunum. Fólk sameinast undir stjórn leiðtoga sem heitir Nimrod og tekur að reisa mikinn turn í borginni Babel sem síðar er nefnd Babýlon. Þeir ætla sér að hunsa þau fyrirmæli Guðs að dreifa sér um jörðina. En Guð ónýtir áform uppreisnarmannanna með því að rugla sameiginlegt tungumál þeirra svo þeir fara að tala ólík tungumál. Þegar mennirnir skilja ekki lengur hver annan hætta þeir við verkið og dreifast.

*— Byggt á 1. Mósebók 6. til 11. kafla og Júdasarbréfinu 14, 15.*

- Hvernig magnaðist illskan á jörðinni?
- Hvernig sannaði Nói að hann þjónaði Guði?
- Hvað bannaði Guð eftir flóðið?

## AÐ GANGA MEÐ GUÐI

Flestir afkomendur Adams og Evu höfnuðu yfirráðum Guðs. Þó voru undantekningar, þeirra á meðal Abel sonur þeirra. Síðar var sagt um Enok og Nóa að þeir hefðu báðir gengið með Guði en það merkir að líferni þeirra hafi verið honum að skapi. (1. Mósebók 5:22; 6:9) Biblían fjallar að miklu leyti um karla og konur sem virtu æðstu yfirráð Guðs.

**2500 f.Kr.** flóðið **2370**



# 4 Guð gerir sáttmála við Abraham

Abraham trúir Jehóva Guði og hlýðir honum og Guð lofar að blessa hann og margfalda niðja hans.

1. Mósebók •
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf
2. Tímóteusarbréf
Títusarbréfið
Fílemonsbréfið
Hebreabréfið
Jakobsbréfið
1. Pétursbréf
2. Pétursbréf
1. Jóhannesarbréf
2. Jóhannesarbréf
3. Jóhannesarbréf
Júdasarbréfið
Opinberunarbókin

LIÐIN eru um 350 ár frá Nóaflóðinu. Ættfaðirinn Abraham býr í blómlegri borg sem heitir Úr en hún stóð á svæði sem nú tilheyrir Írak. Abraham var mikill trúmaður en nú kom að því að það reyndi á trú hans.

Jehóva segir Abraham að yfirgefa heimaland sitt og flytja til framandi lands sem reynist vera Kanaan. Abraham hlýðir hiklaust. Hann tekur með sér heimafólk sitt, þar á meðal Söru, eiginkonu sína, og Lot, bróðurson sinn. Eftir langt ferðalag setjast þau að í Kanaan og búa þar í tjöldum. Jehóva gerir sáttmála við Abraham og heitir því að gera afkomendur hans að mikilli þjóð. Allar ættkvíslir jarðarinnar eiga að hljóta blessun af honum, og niðjar hans eiga að taka Kanaan til eignar.

Þeim Abraham og Lot vegnar vel og þeir eignast miklar hjarðir sauðfjár og nautgripa. Abraham sýnir þá óeigingirni að leyfa Lot að velja sér land. Lot velur hið frjósama Jórdansléttlendi og sest að í grennd við borgina Sódómu. Sódómumenn voru hins vegar siðlausir og syndguðu gróflega gegn Jehóva.

Jehóva Guð fullvissar Abraham síðar um að niðjar hans verði eins fjölmennir og stjörnur á himni. Abraham trúir fyrirheiti Guðs. En Sara, eiginkona hans, er barnlaus. Þegar Abraham er 99 ára og Sara er að nálgast nírætt segir Guð honum að Sara muni eignast son. Og Sara elur Ísak eins og Guð hafði lofað. Abraham eignast fleiri börn, en frelsarinn, sem lofað var í Eden, á hins vegar að koma af Ísak.

Eins og áður sagði bjuggu Lot og fjölskylda hans í Sódómu en Lot var réttlátur maður og tók ekki upp hátterni siðlausra borgarbúa. Jehóva ákveður að fullnægja dómi yfir Sódómu og sendir engla til að vara Lot við að borginni verði eytt. Englarnir hvetja Lot og fjölskyldu hans til að flýja Sódómu og líta ekki um öxl. Guð lætur síðan rigna eldi og brennisteini yfir Sódómu og grannborgina Gómorru og tortímir óguðlegum íbúum þeirra. Lot og dætur hans tvær komast undan. En eiginkona Lots leit um öxl. Hugsanlega sá hún eftir eigunum sem hún þurfti að skilja eftir. Hún galt fyrir óhlýðnina með lífi sínu.

*— Byggt á 1. Mósebók 11:10–19:38.*

- Af hverju flutti Abraham til Kanaans?
- Hvaða sáttmála gerði Jehóva við Abraham?
- Af hverju eyddi Jehóva Sódómu og Gómorru?

## SÁTTMÁLAR GUÐS

Sáttmáli er formlegur samningur eða samkomulag og getur verið ígildi hátíðlegs loforðs. Jehóva gerði allmarga sáttmála við menn og með þeim opinberaði hann smám saman hvernig hann myndi efna loforðið, sem hann gaf í Eden, um frelsara. Í sáttmálanum við Abraham kom fram að frelsarinn myndi koma af ætt Abrahams. Aðrir sáttmálar veittu síðan nánari upplýsingar um hver þessi frelsari væri.



Abraham fæðist **2018** | **1943** sáttmálinn við Abraham | **1800 f.Kr.**

• 1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf
2. Tímóteusarbréf
Títusarbréfið
Fílemonsbréfið
Hebreabréfið
Jakobsbréfið
1. Pétursbréf
2. Pétursbréf
1. Jóhannesarbréf
2. Jóhannesarbréf
3. Jóhannesarbréf
Júdasarbréfið
Opinberunarbókin




# 5 Guð blessar Abraham og ætt hans

Afkomendum Abrahams fjölgar. Guð verndar Jósef í Egyptalandi.

JEHÓVA vissi að sonurinn, sem honum þótti vænst um, myndi þurfa að þjást og deyja þegar fram liðu stundir. Þetta kom óbeint fram í spádóminum í 1. Mósebók 3:15. Gat Guð komið mannkyni í skilning um hve mikla fórn hann ætti eftir að færa? Í Biblíunni er sagt frá lifandi dæmi um það sem Guð átti eftir að gera þegar hann bað Abraham að fórna Ísak, heittelskuðum syni sínum.

Abraham hafði sterka trú. Við skulum hafa hugfast að Guð hafði lofað honum að frelsarinn, niðjinn sem spáð hafði verið um, kæmi af Ísak. Abraham treysti að Guð myndi reisa Ísak upp frá dauðum ef með þyrfti og ætlaði að hlýða Guði og fórna syninum. En engill Guðs stöðvaði Abraham í tæka tíð. Guð lofaði hinn trúa ættföður fyrir að vera fús til að fórna því sem var honum dýrmætast og ítrekaði fyrirheit sitt við hann.

Ísak eignast tvo syni, þá Esaú og Jakob. Ólíkt Esaú kunni Jakob að meta það sem andlegt var og var umbunað fyrir. Guð breytti nafni Jakobs í Ísrael. Hann eignast 12 syni og af þeim koma ættkvíslir Ísraels. En hvernig varð þessi fjölskylda að mikilli þjóð?

Ákveðin atburðarás hefst þegar synir Jakobs verða upp til hópa öfundsjúkir út í Jósef, næstyngsta bróðurinn. Þeir selja hann sem þræl og það er farið með hann til Egyptalands. En Guð blessar unga manninn sem er bæði trúr og hugrakkur. Jósef lendir í miklum erfiðleikum en faraó, egypski valdhafinn, skipar hann að lokum í valdamikið embætti. Það gerðist á heppilegum tíma því að hungursneyð skall á og Jakob sendi nokkra af sonum sínum til Egyptalands til að kaupa matvæli. Svo vildi til að Jósef réð yfir öllum matvælabirgðum Egypta. Eftir óvænta endurfundi fyrirgefur Jósef iðrandi bræðrum sínum og gerir ráðstafanir til að öll ættin flytjist til Egyptalands. Þeim er gefið úrvalsland til búsetu þar sem þeir geta dafnað og þeim fjölgað. Jósef gerir sér grein fyrir að Guð hefur haft hönd í bagga til að efna loforð sín.

Jakob bjó í Egyptalandi til æviloka ásamt ættinni sem fór ört vaxandi. Á dánarbeðinu sagði hann fyrir að frelsarinn, hinn fyrirheitni niðji, yrði voldugur stjórnandi fæddur af ætt Júda, sonar síns. Áður en Jósef dó mörgum árum síðar spáði hann að sá dagur myndi koma að Guð leiddi ætt Jakobs út úr Egyptalandi.

*— Byggt á 1. Mósebók 20. til 50. kafla og Hebreabréfinu 11:17-22.*

---

- Hvað sagði Guð Abraham að gera og hvaða skilaboð var hann að senda mannkyninu?
- Hvernig atvikaðist það að Jósef fór til Egyptalands og hvað hafði það í för með sér?
- Hverju spáði Jakob á dánarbeðinu?





# 6 Job er ráðvandur Guði

Satan véfengir ráðvendni Jobs frammi fyrir Jehóva Guði en Job er Guði trúr.

ÆTLI nokkur maður sé Guði trúr ef reynt er á hann til hins ýtrasta og það virðist enginn efnislegur ávinningur af því að vera hlýðinn? Þessi spurning var borin fram og henni svarað í tengslum við mann sem hét Job.

Meðan Ísraelsmenn eru í Egyptalandi býr Job, einn af ættingjum Abrahams, þar sem nú heitir Arabía. Nú gerist það að englar á himni ganga fram fyrir Guð og uppreisnarengillinn Satan er á meðal þeirra. Frammi fyrir þessum englahópi lýsir Jehóva yfir að hann treysti trúum þjóni sínum, Job. Hann segir að enginn maður sé jafn ráðvandur og hann. En Satan fullyrðir að Job þjóni Guði aðeins af því að Guð blessi hann og verndi. Hann staðhæfir að Job muni formæla Guði ef hann verður sviptur öllu sem hann á.

Satan fær leyfi til að svipta Job eigum hans, börnum og að síðustu heilsunni. Job veit ekki að Satan á hlut að máli og skilur ekki hvers vegna Guð lætur hann verða fyrir þessum þrengingum. En í öllu þessu snýr hann ekki baki við Guði.

Þrír falsvinir koma nú á fund Jobs. Þeir flytja langar ræður sem ná yfir margar blaðsíður í Jobsbók og reyna að sannfæra hann um að Guð sé að refsa honum fyrir leyndar syndir. Þeir fullyrða jafnvel að Guð treysti ekki þjónum sínum og hafi enga gleði af þeim. Job hafnar villandi röksemdum þeirra. Hann lýsir yfir með ákveðni að hann ætli að vera ráðvandur allt til dauða.

Job gerir hins vegar þau mistök að vera einum of upptekinn af að réttlæta sjálfan sig. Yngri maður, Elíhú að nafni, hefur hlustað á alla orðræðuna og kveður sér nú hljóðs. Hann ávítar Job fyrir að gleyma því að það sé miklu mikilvægara að verja drottinvald Jehóva Guðs en að réttlæta nokkurn mann. Sömuleiðis setur hann harðlega ofan í við falsvini Jobs.

Að síðustu talar Jehóva Guð til Jobs og leiðréttir hugsunarhátt hans. Hann bendir á mörg af undrum sköpunarverksins og sýnir Job fram á hve maðurinn sé smár í samanburði við mikilleik Guðs. Job tekur leiðréttingunni með auðmýkt. Þar sem Jehóva er „mjög miskunnsamur og líknsamur“ endurheimtir Job heilsuna og Jehóva gefur honum tíu börn og helmingi meiri auð en hann átti áður. (Jakobsbréfið 5:11) Með því að vera ráðvandur Guði í miklum prófraunum afsannar Job þá ásökun Satans að menn séu ekki trúir Guði ef á þá reyni.

*— Byggt á Jobsbók.*

■ Hvaða ásökun bar Satan fram í tengslum við Job?

■ Hverju áorkaði Job með því að vera Jehóva ráðvandur?

## DEILUMÁLIN MIKLU

Sagt var um Job að enginn maður væri eins ráðvandur og guðhræddur og hann. Þegar Satan fullyrti að Job þjónaði Guði aðeins af eigingjörnum hvötum hélt hann því fram að hið sama væri að segja um alla aðra, bæði engla og menn. Satan dró þar með í efa ráðvendni mannsins gagnvart Jehóva. Þetta er þáttur í deilunni miklu sem Satan kom af stað í Eden, það er að segja hvort Jehóva sé réttlátur og hvort hann sé réttmætur Drottinn alheims. Í Jobsbók kemur fram að bæði menn og englar geta átt þátt í að verja drottinvald Jehóva með því að sýna honum ráðvendni.

raunir Jobs **fyrir 1613** | **1600 f.Kr.**

1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
**Jobsbók** ●
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf
2. Tímóteusarbréf
Títusarbréfið
Fílemonsbréfið
Hebreabréfið
Jakobsbréfið
1. Pétursbréf
2. Pétursbréf
1. Jóhannesarbréf
2. Jóhannesarbréf
3. Jóhannesarbréf
Júdasarbréfið
Opinberunarbókin

1. Mósebók
• 2. Mósebók
• 3. Mósebók
• 4. Mósebók
• 5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf




# 7 Guð frelsar Ísraelsmenn

Jehóva sendir plágur yfir Egyptaland, og Móse leiðir Ísraelsmenn út úr landinu. Guð gefur Ísraelsmönnum lögmálið fyrir milligöngu Móse.

ÍSRAELSMENN búa árum saman í Egyptalandi. Þeim fjölgar og vegnar vel. En þá kemst nýr faraó til valda sem þekkti ekki Jósef. Þetta var grimmur harðstjóri sem óttaðist hve Ísraelsmönnum fjölgaði. Hann hneppir þá í þrælkun og fyrirskipar að öllum sveinbörnum meðal þeirra skuli drekkt í Níl strax eftir fæðingu. Hugrökk móðir hlífir ungum syni sínum og felur hann í körfu í sefi árinnar. Dóttir faraós finnur drenginn, kallar hann Móse og elur hann upp með konungsfjölskyldunni.

Fertugur að aldri lenti Móse í vandræðum þegar hann varði ísraelskan þræl fyrir egypskum verkstjóra. Hann flúði þá til fjarlægs lands og bjó þar í útlegð. Hann var áttræður þegar Jehóva sendi hann aftur til Egyptalands til að ganga fyrir faraó og krefjast þess að þjóð Guðs yrði leyst úr ánauð.

Faraó þverneitaði. Guð sendi þá tíu plágur yfir Egyptaland. Í hvert sinn sem Móse gekk fyrir faraó til að gefa honum tækifæri til að afstýra næstu plágu þrjóskast hann við. Hann neitar að verða við beiðni Móse og kröfu Jehóva Guðs. Í tíundu plágunni deyja allir frumburðir í landinu — nema í þeim húsum þar sem fólk hlýddi Jehóva og bar blóð úr lambi, sem var fórnað, á dyrastafina. Engill Guðs fór fram hjá þessum húsum. Ísraelsmenn minnast þessarar merku björgunar þaðan í frá með árlegri hátíð sem kallast páskar.

Eftir að faraó hefur misst frumgetinn son sinn skipar hann Móse og Ísraelsmönnum að yfirgefa Egyptaland. Þeir skipuleggja brottför þjóðarinnar þegar í stað. En faraó skiptir um skoðun og eltir þá með hervögnum og fjölmennu herliði. Ísraelsmenn virðast vera innikróaðir á strönd Rauðahafs. Jehóva opnar þá leið gegnum hafið svo að þeir komast fótgangandi eftir þurrum hafsbotninum með hafið eins og veggi á báðar hendur. Þegar Egyptar æða á eftir þeim lætur Jehóva sjóinn steypast yfir þá svo að faraó drukknar ásamt herliði sínu.

Nokkru síðar setja Ísraelsmenn upp búðir sínar við Sínaífjall og Jehóva gerir sáttmála við þá. Fyrir milligöngu Móse gefur hann þeim lög til að leiðbeina þeim og vernda þá á nánast öllum sviðum lífsins. Svo framarlega sem þeir viðurkenna yfirráð Jehóva ætlar hann að vera með þeim og láta þá vera öðrum til blessunar.

Því miður bregðast Ísraelsmenn upp til hópa og sýna að þeir treysta ekki Guði. Sú kynslóð er því látin reika um eyðimörkina næstu 40 árin. Móse skipar þá ráðvandan mann, sem heitir Jósúa, eftirmann sinn. Nú eru Ísraelsmenn loksins tilbúnir til að ganga inn í landið sem Guð hafði heitið Abraham að gefa honum.

*— Byggt á 2. til 5. Mósebók, Sálmi 136:10-15 og Postulasögunni 7:17-36.*

■ Hvernig bar það til að Móse var látinn frelsa Ísraelsmenn?

■ Af hverju héldu Ísraelsmenn páska?

■ Hvernig frelsaði Jehóva Ísraelsmenn úr ánauðinni í Egyptalandi?

## ÆÐSTA BOÐORÐIÐ

Boðorðin tíu eru sennilega þekktustu ákvæði Móselaganna. Þau er að finna í 2. Mósebók 20:1-17, en alls eru lagaákvæðin, sem Móse miðlaði, um 600 talsins. Þegar Jesús Kristur var spurður hvaða boðorð Guðs væri æðst valdi hann þetta: „Þú skalt elska Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum huga þínum og öllum mætti þínum.“ — Markús 12:28-30; 5. Mósebók 6:5.



# 8 Ísraelsmenn ganga inn í Kanaan

Jósúa veitir Ísraelsmönnum forystu þegar þeir leggja Kanaan undir sig. Dómarar fá umboð til að frelsa þjóðina þegar hún sætir kúgun.


1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
**Jósúabók ●**
**Dómarabókin ●**
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja


ÖLDUM áður en Ísraelsmenn ganga inn í Kanaan var Jehóva búinn að lofa afkomendum Abrahams að gefa þeim landið. Nú er komið að því að þeir leggi undir sig fyrirheitna landið undir forystu Jósúa.

Jehóva hafði úrskurðað að Kanverjum skyldi útrýmt. Þeir höfðu gegnsýrt landið auvirðilegustu kynlífsathöfnum og gegndarlausum blóðsúthellingum. Ísraelsmenn áttu því að jafna borgir Kanverja við jörðu.

En áður en Ísraelsmenn réðust inn í landið gerði Jósúa út tvo njósnara sem fengu inni í Jeríkó hjá konu sem hét Rahab. Hún bauð njósnurunum inn á heimili sitt og verndaði þá þótt hún vissi að þeir væru ísraelskir. Hún hafði heyrt hvernig Jehóva frelsaði Ísraelsmenn og trúði á Guð þeirra. Hún lét njósnarana sverja að henni og heimili hennar yrði þyrmt.

Síðar, þegar Ísraelsmenn réðust inn í Kanaan og settust um Jeríkó, lét Jehóva borgarmúrana hrynja með undraverðum hætti. Hersveitir Jósúa geystust inn í borgina og eyddu hana en þyrmdu Rahab og heimilisfólki hennar. Á aðeins sex árum lagði Jósúa síðan undir sig stærstan hluta fyrirheitna landsins. Að því búnu var landinu skipt milli ættkvísla Ísraels.

Undir lok langrar ævi í þjónustu Guðs kallaði Jósúa þjóðina saman. Hann rifjaði upp hvernig Jehóva hefði komið fram við forfeðurna og hvatti þjóðina til að þjóna Jehóva. Eftir að Jósúa og nánustu samstarfsmenn hans dóu fór hins vegar svo að Ísraelsmenn sneru baki við Jehóva og tóku að þjóna falsguðum. Næstu 300 árin var allur gangur á því hvort þjóðin hlýddi lögum Jehóva. Á því tímabili leyfði Jehóva óvinum þeirra, svo sem Filisteum, að kúga þá. En þegar Ísraelsmenn ákölluðu Jehóva skipaði hann dómara til að frelsa þá. Þeir voru alls 12.

Sagt er frá dómurunum í samnefndri biblíubók. Hún hefst á því að fjallað er um Otníel og henni lýkur með frásögunni af Samson, sterkasta manni sem lifað hefur. Frásaga Dómarabókarinnar sýnir æ ofan í æ fram á þann grundvallarsannleika að það er til blessunar að hlýða Jehóva en til ógæfu að óhlýðnast honum.

*— Byggt á Jósúabók, Dómarabókinni og 3. Mósebók 18:24, 25.*

---

■ Af hverju þyrmdi Jehóva Rahab og heimilisfólki hennar?

■ Hvað gerðu Ísraelsmenn eftir að Jósúa var dáinn?

■ Hvaða grundvallarsannleikur kemur skýrt fram í Dómarabókinni?





# 9 Ísraelsmenn biðja um konung

Sál, fyrsti konungur Ísraels, reynist óhlýðinn. Davíð er skipaður í hans stað og Guð gerir sáttmála við hann um eilíft ríki.


1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
• 1. Samúelsbók
• 2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
• 1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía


**„Ég mun ævinlega styðja konunglegt hásæti hans.“**
*— 2. Samúelsbók 7:13.*


Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf
2. Tímóteusarbréf
Títusarbréfið
Fílemonsbréfið
Hebreabréfið
Jakobsbréfið
1. Pétursbréf
2. Pétursbréf
1. Jóhannesarbréf
2. Jóhannesarbréf
3. Jóhannesarbréf
Júdasarbréfið
Opinberunarbókin


SAMÚEL þjónar sem spámaður og dómari í Ísrael á eftir Samson. Ísraelsmenn sögðu honum að þeir vildu vera eins og aðrar þjóðir og fá mann fyrir konung. Með beiðni sinni lítilsvirtu þeir Jehóva en hann sagði þó Samúel að verða við ósk þeirra. Guð valdi hógværan mann sem hét Sál til að vera konungur. Þegar fram liðu stundir gerðist Sál hins vegar drambsamur og óhlýðinn. Jehóva hafnaði honum sem konungi og fól Samúel að velja annan í hans stað. Þetta var ungur maður sem hét Davíð. Hann myndi þó ekki taka við konungdómi fyrr en mörgum árum síðar.

Davíð er líklega enn þá unglingur þegar hann heimsækir bræður sína þar sem þeir þjóna í her Sáls konungs. Herinn er dauðhræddur við einn af óvinunum, risavaxinn mann sem heitir Golíat. Golíat þessi hæðist að Guði þeirra. Davíð er stórhneykslaður og tekur áskorun risans um að ganga á hólm við hann. Ungi maðurinn er aðeins vopnaður slöngvu og nokkrum steinum þegar hann gengur fram til að berjast við andstæðinginn sem er næstum þrír metrar á hæð. Golíat hæðist að Davíð en Davíð svarar að hann sé betur vopnaður en risinn því að hann berjist í nafni Jehóva Guðs. Síðan fellir hann Golíat með einum steini og heggur af honum höfuðið með sverði hans. Her Filistea er dauðskelkaður og leggur á flótta.

Í fyrstu er Sál stórhrifinn af hugrekki Davíðs og setur hann yfir herinn. En velgengni Davíðs er slík að fljótlega verður Sál heltekinn öfund. Davíð á fótum sínum fjör að launa og er á flótta árum saman. Hann er engu að síður hollur konunginum sem vill hann feigan, minnugur þess að Sál konungur er skipaður af Jehóva Guði. Að síðustu fellur Sál í bardaga. Áður en langt um líður er Davíð tekinn við konungdómi eins og Jehóva hafði lofað.

Davíð konungur þráði heitt að reisa Jehóva musteri en Jehóva sagði honum að einn af afkomendum hans myndi fá það verkefni. Það reyndist vera Salómon sonur hans. Guð umbunaði Davíð hins vegar með því að gera stórmerkan sáttmála við hann. Af honum á að koma konungsætt sem á engan sinn líka. Frelsarinn, niðjinn sem lofað var í Eden, á að lokum að koma af þessari ætt. Þetta er Messías, hinn smurði sem er skipaður af Jehóva Guði. Jehóva heitir því að Messías verði konungur stjórnar eða ríkis sem standi að eilífu.

Davíð er innilega þakklátur og dregur saman gríðarlega mikið af byggingarefni og dýrum málmum til musterisbyggingarinnar. Hann yrkir einnig fjölda innblásinna sálma. „Andi Drottins talaði af munni mínum, orð hans var mér á tungu,“ segir hann skömmu áður en hann deyr. — 2. Samúelsbók 23:2.

*— Byggt á 1. og 2. Samúelsbók, 1. Kroníkubók, Jesaja 9:7, Matteusi 21:9, Lúkasi 1:32 og Jóhannesi 7:42.*

■ Af hverju skipaði Jehóva Davíð sem konung í stað Sáls?

■ Hvaða eiginleika sýndi Davíð áður en hann varð konungur?

■ Hver er frelsarinn, fyrirheitni niðjinn, sem boðað var að skyldi koma af ætt Davíðs?



**1200 f.Kr.** Sál smurður til konungs **1117**



# 10 Stjórnviska Salómons

Jehóva gefur Salómon konungi viturt hjarta. Undir stjórn hans búa Ísraelsmenn við frið og velsæld sem aldrei fyrr.



HVERNIG væri lífið ef heil þjóð og valdhafi hennar virti Jehóva sem æðsta Drottin og hlýddi lögum hans? Þessari spurningu var svarað í 40 ára stjórnartíð Salómons.

Fyrir dauða sinn felur Davíð Salómon, syni sínum, að taka við konungdómi af sér. Guð birtist Salómon í draumi og býður honum að bera fram bón. Salómon biður um vitsmuni og þekkingu til að dæma af sanngirni og visku í málum þjóðarinnar. Þessi bón er Jehóva að skapi og hann gefur Salómon hyggið og skynugt hjarta. Jehóva heitir einnig að gefa honum auðlegð, heiður og langlífi ef hann þjóni honum dyggilega.

Salómon verður frægur fyrir viturlega dóma sína. Einu sinni deila tvær konur um nýfæddan dreng og segjast báðar eiga hann. Salómon fyrirskipar að drengurinn skuli höggvinn í tvennt og konunum gefinn hvor sinn helmingur. Önnur konan samþykkir en móðirin biður barninu vægðar þegar í stað og vill að hin konan fái það. Þá veit Salómon að umhyggjusama konan er móðir drengsins og skipar að hún skuli fá hann. Fréttin af þessum dómi berst út um allan Ísrael og þjóðin gerir sér grein fyrir að viska Guðs býr í Salómon.

Eitt af mestu afrekum Salómons var musterið sem hann reisti handa Jehóva. Þetta var glæsileg bygging og varð tilbeiðslumiðstöð Ísraelsmanna í Jerúsalem. Þegar musterið var vígt bað Salómon: „Jafnvel himinninn og himnar himnanna rúma þig ekki, hvað þá þetta hús sem ég hef byggt.“ — 1. Konungabók 8:27.

Orðstír Salómons barst víða um lönd, jafnvel alla leið til Saba í Arabíu. Drottningin af Saba lagði í langt ferðalag til að sjá dýrð og auðlegð Salómons með eigin augum og kynna sér visku hans. Svo hrifin var hún af visku hans og velmegun Ísraelsmanna að hún lofaði Jehóva fyrir að setja svona vitran konung til valda. Með blessun Jehóva einkennist stjórnartíð Salómons af friði og velmegun sem á sér enga hliðstæðu í sögu Forn-Ísraels.

Salómon hélt því miður ekki áfram að lifa í samræmi við visku Jehóva. Hann tók sér hundruð eiginkvenna í trássi við fyrirmæli Guðs. Margar þeirra tilbáðu framandi guði. Smám saman sveigðu þær hjarta hans frá Jehóva og tók hann þá að dýrka skurðgoð. Jehóva sagði honum að hluti ríkisins yrði tekinn frá honum. Vegna fyrirheitsins sem Davíð, faðir Salómons, fékk yrði þó hluti ríkisins áfram undir stjórn konungsættar hans. Þrátt fyrir fráhvarf Salómons stóð Jehóva við sáttmálann um ríkið sem hann hafði gert við Davíð.

*— Byggt á 1. Konungabók 1. til 11. kafla, 2. Kroníkubók 1. til 9. kafla og 5. Mósebók 17:17.*

---

■ Hvernig brást Guð við beiðni Salómons?

■ Hvernig sýndi Salómon visku sína?

■ Af hverju sneri Salómon baki við Jehóva og með hvaða afleiðingum?



**1070** Guð gefur Davíð loforð um ríki

Salómon verður konungur **1037**

**1027** lokið við musterið í Jerúsalem

**um 1020** Ljóðaljóðin fullgerð

**1000 f.Kr.**



# 11 Innblásin ljóð sem hughreysta og fræða

Davíð og fleiri ortu sálma sem notaðir voru við tilbeiðslu. Í Sálmum Biblíunnar eru varðveittir 150 þeirra.


1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
• Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
• Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf
2. Tímóteusarbréf
Títusarbréfið
Fílemonsbréfið
Hebreabréfið
Jakobsbréfið
1. Pétursbréf
2. Pétursbréf
1. Jóhannesarbréf
2. Jóhannesarbréf
3. Jóhannesarbréf
Júdasarbréfið
Opinberunarbókin


SÁLMARNIR eru stærsta bók Biblíunnar og eru safn helgra ljóða. Það tók um þúsund ár að gera bókina. Í Sálmunum er víða að finna djúpstæð og hjartnæm orð þar sem ritararnir lýsa trú sinni. Þar er lýst öllu litrófi mannlegra tilfinninga, allt frá gleði, lotningu og þakklæti til sorgar, harms og iðrunar. Ljóst er að sálmaskáldin treystu Jehóva og áttu innilegt samband við hann. Lítum á nokkur af helstu viðfangsefnum þessara ljóða.

**Jehóva er Drottinn alheims og verðskuldar lof og tilbeiðslu.** „Þú, sem berð nafnið Drottinn, þú einn ert Hinn hæsti yfir allri jörðinni,“ stendur í Sálmi 83:19. Í allmörgum sálmum er Jehóva sungið lof fyrir sköpunarverk hans, svo sem stjörnuhimininn, dásemdir lífsins á jörðinni og undursamlega gerð mannslíkamans. (Sálmur 8, 19, 139, 148) Aðrir sálmar bera lof á Jehóva Guð fyrir að bjarga trúum þjónum sínum og vernda þá. (Sálmur 18, 97, 138) Og í sumum sálmum er Jehóva dásamaður fyrir réttlæti hans og fyrir að rétta hlut kúgaðra og refsa óguðlegum. — Sálmur 11, 68, 146.

**Jehóva hjálpar þeim sem elska hann og hughreystir þá.** Einn þekktasti sálmurinn er líklega Sálmur 23. Þar líkir Davíð Jehóva við ástríkan hirði sem leiðbeinir sauðum sínum, verndar þá og annast. Í Sálmi 65:3 eru þeir sem tilbiðja Guð minntir á að hann heyri bænir þeirra. Margir sem hafa gert sig seka um alvarlega synd hafa leitað hughreystingar í Sálmi 39 og 51. Þar lýsir Davíð djúpstæðri iðrun vegna synda sinna og lætur í ljós að hann treysti á fyrirgefningu Jehóva. Í Sálmi 55:23 er hvatning til að treysta á Jehóva og varpa öllum áhyggjum sínum á hann.

**Jehóva mun breyta heiminum fyrir atbeina Messíasarríkisins.** Í Sálmunum er víða fjallað beint eða óbeint um Messías, konung framtíðarinnar. Í Sálmi 2 er spáð að hann eyði þeim illu þjóðum sem berjast gegn honum. Í Sálmi 72 kemur fram að hann útrými hungri, ranglæti og kúgun. Í Sálmi 46:10 er boðað að Guð noti ríki Messíasar til að binda enda á styrjaldir og eyða öllum stríðsvopnum. Sálmur 37 upplýsir að óguðlegir hverfi af sjónarsviðinu en réttlátir búi á jörðinni að eilífu í friði og samlyndi.

*— Byggt á Sálmunum.*

■ Hvernig kemur fram í Sálmunum að Jehóva sé réttmætur Drottinn alheims?

■ Í hvaða sálmum er bent á að Guð hughreysti þá sem elska hann og hjálpi þeim?

■ Hvernig ætlar Jehóva að breyta heiminum samkvæmt Sálmunum?

### LJÓÐALJÓÐIN

Í Ljóðaljóðunum viðurkennir Salómon konungur að gríðarleg auðæfi hans hafi ekki alltaf dugað honum til að ná ástum kvenna. Hann lýsir tilraunum sínum til að vinna hjarta fagurrar ungrar konu en hún er ástfangin af ungum fjárhirði. Þetta innblásna ljóð dregur skýrt fram að enginn þarf að hegða sér ósæmilega þó að líkamlegt aðdráttarafl geti verið sterkt. Unga parið sýnir aðdáunarverða sjálfstjórn, hreinleika og tryggð.



**1000 f.Kr.** | **997** Ísrael skiptist í tvö ríki



# 12 Viska til leiðsagnar í lífinu

Orðskviðirnir eru samsafn innblásinna leiðbeininga um daglegt líf. Þeir eru að mestu leyti skrifaðir af Salómon.


1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
**Orðskviðirnir •**
**Prédikarinn •**
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús


ER JEHÓVA vitur stjórnandi? Ein góð leið til að svara því er að skoða þær leiðbeiningar sem hann gefur. Virka þær? Bætum við líf okkar og gerum það innihaldsríkara ef við förum eftir þeim? Hinn vitri konungur Salómon skráði orðskviði í hundraðatali. Þeir koma inn á næstum alla þætti lífsins. Lítum á nokkur dæmi.

**Við eigum að treysta Guði.** Gott samband við Jehóva byggist á trausti. Salómon skrifaði: „Treystu Drottni af öllu hjarta en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit. Minnstu hans á öllum vegum þínum, þá mun hann gera leiðir þínar greiðar.“ (Orðskviðirnir 3:5, 6) Lífið verður mjög innihaldsríkt ef við treystum á Guð með því að leita leiðsagnar hans og hlýða honum. Með þessari lífsstefnu fá menn tækifæri til að gleðja hjarta Guðs og veita honum svar við ásökunum óvinarins Satans. — Orðskviðirnir 27:11.

**Sýnum visku í samskiptum við aðra.** Leiðbeiningar Guðs til eiginmanna, eiginkvenna og barna eiga betur við nú en nokkru sinni fyrr. Hann ráðleggur eiginmanni að vera konu sinni trúr og segir: „Gleddu þig yfir eiginkonu æsku þinnar.“ (Orðskviðirnir 5:18-20) Í Orðskviðunum er farið fögrum orðum um dugmikla eiginkonu sem ávinnur sér aðdáun eiginmanns síns og barna. (Orðskviðirnir 31. kafli) Og börn eru hvött til að hlýða foreldrum sínum. (Orðskviðirnir 6:20) Í bókinni kemur einnig fram hve góð vináttubönd eru mikilvæg því að það er ávísun á eigingirni að einangra sig. (Orðskviðirnir 18:1) Vinir geta ýmist haft góð eða slæm áhrif á okkur þannig að við þurfum að vanda val vina okkar. — Orðskviðirnir 13:20; 17:17.

**Farðu vel með sjálfan þig.** Í Orðskviðunum erum við hvött til að leggja rækt við heilbrigðar tilfinningar en forðast skaðlegar, vera iðjusöm og misnota ekki áfengi. (Orðskviðirnir 6:6; 14:30; 20:1) Þetta eru ómetanlegar leiðbeiningar. Bókin varar við því að það endi með ósköpum að treysta dómgreind manna frekar en leiðbeiningum Guðs. (Orðskviðirnir 14:12) Við erum hvött til að vernda hinn innri mann, hjartað, gegn spillandi áhrifum og minnt er á að þar séu „uppsprettur lífsins“. — Orðskviðirnir 4:23.

Milljónir manna um heim allan hafa bætt líf sitt með því að lifa eftir leiðbeiningum af þessu tagi. Það er því ærin ástæða til að viðurkenna Jehóva sem stjórnanda sinn.

*— Byggt á Orðskviðunum.*

- Hvað getum við lært af Orðskviðunum?
- Hvernig getum við, samkvæmt Orðskviðunum, treyst Guði, sýnt visku í samskiptum við aðra og farið skynsamlega með sjálf okkur?

## PRÉDIKARINN

Hvernig er hægt að njóta lífsfyllingar og skilja tilgang lífsins? Salómon var í einstakri aðstöðu til að leita svara við þessari spurningu. Hann var feikilega auðugur, vitur og valdamikill og gat kannað hvort það veitti manninum sanna lífshamingju. Hann naut alls konar efnislegra gæða, giftist fjölda fagurra kvenna og veitti sér afþreyingu af besta tagi. Hann stóð fyrir miklum byggingarframkvæmdum og sökkti sér niður í fræðileg ritverk. Hann uppgötvaði að „allt er hégómi“. En hann komst líka að þessari merku niðurstöðu: „Við skulum hlýða á niðurstöðu þessa alls: Óttastu Guð og haltu boðorð hans því að það á hver maður að gera.“ — Prédikarinn 12:8, 13.

Orðskviðirnir fullgerðir **um 717** | **700 f.Kr.**

1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
• **1. Konungabók**
• **2. Konungabók**
1. Kroníkubók
• **2. Kroníkubók**
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
• **Jónas**
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí



# 13 Góðir konungar og slæmir

Ísrael klofnar í tvö ríki. Fæstir af konungum þeirra eru Guði trúir. Babýloníumenn eyða Jerúsalem.

EINS og Jehóva hafði sagt fyrir klofnaði Ísrael í tvö ríki eftir að Salómon sneri baki við sannri tilbeiðslu. Rehabeam sonur hans, sem tók við af honum, stjórnaði með harðri hendi. Tíu af ættkvíslum Ísraels gerðu þar af leiðandi uppreisn og stofnuðu norðurríkið sem nefnt var Ísrael. Tvær af ættkvíslunum héldu tryggð við konunginn af ætt Davíðs sem sat í Jerúsalem. Þær mynduðu suðurríkið Júda.

Saga beggja ríkjanna var róstusöm, aðallega vegna þess að konungarnir voru flestir trúlausir og hlýddu ekki boðum Guðs. Ísrael farnaðist enn verr en Júda því að konungar þess beittu sér fyrir falsdýrkun allt frá upphafi. Spámenn eins og Elía og Elísa unnu máttarverk og reistu jafnvel upp dána. En þrátt fyrir það sótti alltaf í sama farið í norðurríkinu. Að síðustu leyfði Guð að Assýringar eyddu norðurríkið.

Júdaríkið stóð rúmlega öld lengur en Ísraelsríkið en átti líka yfir höfði sér refsingu Guðs. Einungis fáeinir Júdakonungar sinntu viðvörunum spámanna og reyndu að leiða þjóðina aftur til Jehóva Guðs. Jósía konungur hófst til dæmis handa við að útrýma falsguðadýrkun í Júda og lét gera við musteri Jehóva. Það hafði djúpstæð áhrif á hann þegar upprunalegt eintak fannst af lögmáli Guðs sem Móse hafði ritað. Hann setti þá enn meiri kraft í siðbótarherferð sína.

Arftakar Jósía fylgdu því miður ekki góðu fordæmi hans. Jehóva leyfði því Babýloníumönnum að sigra Júda og eyða Jerúsalem ásamt musterinu. Þeir sem eftir lifðu voru fluttir í útlegð til Babýlonar. Guð sagði fyrir að þjóðin yrði í útlegð í 70 ár. Júda lá í eyði allan tímann uns þjóðinni var leyft að snúa aftur til ættjarðar sinnar eins og heitið hafði verið.

Konungar af ætt Davíðs myndu þó ekki vera við völd fyrr en Messías, frelsarinn fyrirheitni, kæmi. Flestir konunganna, sem höfðu setið í Jerúsalem, sýndu og sönnuðu að ófullkomnir menn eru ekki færir um að stjórna svo vel fari. Enginn nema Messías er fullkomlega hæfur stjórnandi. Jehóva sagði því við síðasta konunginn af ætt Davíðs: „Niður með kórónuna . . . Þetta verður ekki fyrr en sá kemur sem hefur það dómsvald sem ég veiti honum.“ — Esekíel 21:26, 27.

*— Byggt á 1. og 2. Konungabók, 2. Kroníkubók 10. til 36. kafla og Jeremía 25:8-11.*

■ Hvernig bar það til að Ísrael klofnaði og hvernig vegnaði ríkjunum tveim?

■ Hvað varð um konungsætt Davíðs og hvers vegna?

■ Hvað má læra um Jehóva af frásögn Jónasar? (Sjá rammagrein.)

## JÓNAS

Eftir að ríkið klofnar fær Jónas það verkefni frá Guði að ferðast langan veg til að prédika yfir Nínívebúum sökum illsku þeirra og ofbeldis. En Jónas tekur sér far með skipi sem siglir í gagnstæða átt. Í framhaldinu gerist það kraftaverk að Guð lætur stórfisk gleypa Jónas. Í iðrum fisksins biður Jónas til Jehóva og Jehóva lætur þá fiskinn spúa Jónasi á land. Jónas gerir síðan eins og Jehóva sagði honum.

Eftir að Jehóva er búinn að kenna honum þessa lexíu kemur annar veikleiki upp á yfirborðið. Jónas hefur prédikað fyrir Nínívemönnum en honum er stórlega misboðið þegar þeir iðrast og Guð miskunnar þeim og ákveður að refsa þeim ekki. Í þessari biblíubók geturðu lesið um það hvernig Jehóva vann annað kraftaverk til að kenna Jónasi að vera umhyggjusamari.

**700 f.Kr.**

Jerúsalem eytt; útlegðin í Babýlon hefst **607**



# 14 Guð talar fyrir munn spámanna

Jehóva skipar spámenn til að boða dóma og flytja boðskap sem tengist hreinni tilbeiðslu og voninni um Messías.



SPÁMENNIRNIR koma fram á sjónarsviðið á konungatímanum í Ísrael og Júda. Þeir voru einstaklega hugrakkir trúmenn sem fluttu boð frá Guði. Við skulum líta á fernt sem spámenn Guðs boðuðu.

**1. Eyðing Jerúsalem.** Spámenn Guðs, einkum Jesaja og Jeremía, boðuðu með löngum fyrirvara að Jerúsalem yrði eytt og hún yfirgefin. Þeir lýstu með ljóslifandi hætti hvers vegna borgin hefði kallað yfir sig reiði Guðs. Borgarbúar litu á sig sem fulltrúa Jehóva en verk þeirra, svo sem falstrúariðkanir, spilling og ofbeldi, sýndu annað. — 2. Konungabók 21:10-15; Jesaja 3:1-8, 16-26; Jeremía 2:1–3:13.

**2. Sönn tilbeiðsla endurreist.** Þjóð Guðs yrði frelsuð eftir 70 ára útlegð í Babýlon. Hún myndi snúa heim til ættjarðarinnar sem legið hafði í eyði og endurreisa musteri Jehóva í Jerúsalem. (Jeremía 46:27; Amos 9:13-15) Um 200 árum fyrir fram nafngreindi Jesaja valdhafann sem myndi vinna Babýlon og veita þjóð Guðs leyfi til að endurreisa sanna tilbeiðslu. Hann átti að heita Kýrus. Jesaja lýsti meira að segja hvernig Kýrus myndi vinna borgina með óvenjulegum hætti. — Jesaja 44:24–45:3.

**3. Koma Messíasar og ævi hans.** Messías átti að fæðast í bænum Betlehem. (Míka 5:1) Hann yrði lítillátur og myndi koma til Jerúsalem ríðandi ösnufola. (Sakaría 9:9) Þótt hann væri mildur og góðviljaður yrði hann óvinsæll og margir myndu hafna honum. (Jesaja 42:1-3; 53:1, 3) Hann yrði líflátinn með grimmilegum hætti. Áttu það að vera endalok hans? Nei, því að fórn hans átti að gera mörgum kleift að hljóta syndafyrirgefningu. (Jesaja 53:4, 5, 9-12) Til að áorka því þurfti hann að rísa upp frá dauðum.

**4. Stjórn Messíasar yfir jörðinni.** Ófullkomnir menn eru í rauninni ófærir um að stjórna friðsamlega en konungurinn Messías yrði nefndur Friðarhöfðingi. (Jesaja 9:5, 6; Jeremía 10:23) Undir stjórn hans eiga allir menn að búa saman í sátt og samlyndi og í friði við dýrin. (Jesaja 11:3-7) Sjúkdómar verða liðin tíð. (Jesaja 33:24) Dauðinn verður meira að segja afmáður að eilífu. (Jesaja 25:8) Undir stjórn Messíasar verða dánir reistir upp til að lifa á jörð. — Daníel 12:13.

*— Byggt á bókum Jesaja, Jeremía, Daníels, Amosar, Míka og Sakaría.*



- Hvers konar boðskap fluttu spámenn Guðs?
- Hvernig boðuðu spámennirnir eyðingu og endurreisn Jerúsalem?
- Hvað sögðu spámenn Jehóva um Messías og ævi hans?
- Hvernig lýstu spámennirnir stjórn Messíasar yfir jörðinni?

**539** Kýrus vinnur Babýlon

**537** Gyðingar snúa heim til Jerúsalem

múrar Jerúsalem endurreistir; áravikurnar 69 hefjast **455 f.Kr.**

1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
• Esrabók
• Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
• Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf
2. Tímóteusarbréf
Títusarbréfið
Fílemonsbréfið
Hebreabréfið
Jakobsbréfið
1. Pétursbréf
2. Pétursbréf
1. Jóhannesarbréf
2. Jóhannesarbréf
3. Jóhannesarbréf
Júdasarbréfið
Opinberunarbókin



# 15 Spámaður í útlegð fær innsýn í framtíðina

Daníel flytur spádóma um ríki Guðs og komu Messíasar. Babýlon fellur.

DANÍEL er fluttur í útlegð til Babýlonar áður en Jerúsalem er eytt. Hann er þá á unglingsaldri en er einstaklega ráðvandur. Hann og fleiri Gyðingar, sem voru fluttir í útlegð eftir að Júdaríkið féll, fengu visst frjálsræði af hendi fangara sinna. Daníel lifir langa ævi í Babýlon og Guð blessar hann ríkulega. Hann kemst meira að segja lifandi úr ljónagryfju, og fær að sjá sýnir sem gera honum kleift að sjá langt fram í tímann. Mikilvægustu spádómar Daníels fjalla um Messías og stjórn hans.

**Daníel fær að vita hvenær Messías á að koma.** Daníel er sagt hvenær þjóð Guðs megi búast við „komu hins smurða“, Messíasar. Það á að vera 69 vikum eftir að tilskipun er gefin um að múrar Jerúsalem skuli endurreistir og endurbyggðir. Venjuleg vika er sjö dagar en áravika er sjö ár. Tilskipunin er gefin löngu eftir daga Daníels, það er að segja árið 455 f.Kr. Þá hefjast hinar 69 „vikur“. Þær standa í 483 ár og þeim lýkur árið 29 e.Kr. Í framhaldinu könnum við hvað gerðist það ár. Daníel sér líka fyrir að Messías verði „afmáður“, það er að segja tekinn af lífi til að friðþægja fyrir syndir. — Daníel 9:24-26.

**Messías átti að verða konungur á himnum.** Í óvenjulegri sýn fær Daníel að sjá atburði sem gerast á himnum. Hann sér einhvern „áþekkan mannssyni“ ganga fram fyrir hásæti Jehóva. Þetta er Messías. Jehóva veitir honum ‚valdið, tignina og konungdæmið‘. Þetta konungdæmi á að vera eilíft. Daníel fær að vita annað varðandi Messíasarríkið. Konungurinn á sér meðstjórnendur, hóp sem er kallaður ‚hinir heilögu Hins æðsta‘. — Daníel 7:13, 14, 27.

**Ríki Guðs á að eyða stjórnvöldum þessa heims.** Guð gerir Daníel kleift að ráða draum sem olli Nebúkandnesari, konungi Babýlonar, hugarangri. Konungur hafði séð risastórt líkneski. Höfuðið var úr gulli, brjóst og handleggir úr silfri, kviður og lendar úr eiri, fótleggirnir úr járni en fæturnir að hluta úr járni og að hluta úr leir. Steinn losnar úr fjalli, lendir á brothættum fótum líkneskisins og mölvar það í smátt. Daníel útskýrir að líkneskið tákni heimsveldin hvert á fætur öðru langt fram í tímann. Gullhöfuðið táknar Babýlon. Daníel sér fyrir að á dögum síðasta heimsveldisins í þessum illa heimi láti ríki Guðs til sín taka. Það eyði þá öllum stjórnvöldum þessa heims en standi sjálft að eilífu. — Daníel 2. kafli.

Sem háaldraður maður fær Daníel að sjá Babýlon falla. Kýrus konungur vinnur borgina rétt eins og spámennirnir höfðu sagt fyrir. Skömmu síðar eru Gyðingar loks leystir úr útlegðinni. Landið hefur þá legið í eyði í nákvæmlega 70 ár eins og spáð hafði verið. Undir forystu dyggra landstjóra, presta og spámanna endurreisa Gyðingar að lokum Jerúsalem og musteri Jehóva. En hvað átti að gerast eftir að árin 483 væru liðin?

*— Byggt á Daníelsbók.*

■ Hvað fær Daníel að vita um Messías og ríki Guðs?

■ Hvaða áhrif átti ríki Guðs að hafa á stjórnvöld þessa heims?



**eftir 443 f.Kr.** Malakí lýkur spádómsbók sinni

**455 f.Kr.** áravikurnar 69 hefjast



# 16 Messías kemur

Jehóva staðfestir að Jesús frá Nasaret sé hinn langþráði Messías.

MYNDI Jehóva hjálpa fólki að bera kennsl á hinn fyrirheitna Messías? Já, lítum á hvað Guð gerði. Þetta var um fjórum öldum eftir að lokið var við að rita Gamla testamentið. Í norðurhluta Ísraels, í bænum Nasaret í Galíleu, býr ung kona sem heitir María. Dag einn fær hún óvænta heimsókn. Engill, sem heitir Gabríel, birtist henni og segir henni að Guð ætli að beita starfskrafti sínum, heilögum anda, til að láta hana fæða son enda þótt hún sé mey. Hann segir að þessi sonur verði hinn langþráði konungur sem eigi að ríkja að eilífu. Barnið verði sonur Guðs því að líf hans verði flutt frá himnum í móðurkvið hennar.

María er auðmjúk og tekur að sér þetta mikla verkefni. Unnusti hennar, smiðurinn Jósef, gengur að eiga hana eftir að Guð hefur sent engil til að fullvissa hann um að hún sé barnshafandi vegna heilags anda. En hvað um spádóminn þar sem segir að Messías eigi að fæðast í smábænum Betlehem? (Míka 5:1) Það eru heilir 140 kílómetrar þangað!

Keisarinn í Róm gefur út tilskipun um að tekið skuli manntal. Fólk á að láta skrásetja sig í fæðingarbæ sínum. Bæði Jósef og María virðast vera ættuð frá Betlehem þannig að Jósef fer þangað með þungaða eiginkonu sína. (Lúkas 2:3) María elur drenginn í fábrotnu gripahúsi og leggur hann í jötu. Guð sendir þá fjölda engla til að tilkynna hópi fjárhirða úti í haga að nýfædda barnið sé Kristur, hinn fyrirheitni Messías.

Fleiri áttu eftir að vitna um að Jesús væri hinn fyrirheitni Messías. Jesaja spámaður hafði sagt fyrir að maður myndi koma fram til að ryðja veginn og undirbúa starf Messíasar. (Jesaja 40:3) Þessi fyrirrennari var Jóhannes skírari. Þegar hann sá Jesú koma til sín hrópaði hann: „Sjá, Guðs lamb sem ber synd heimsins.“ Sumir af lærisveinum Jóhannesar fylgdu Jesú þegar í stað. „Við höfum fundið Messías!“ sagði einn þeirra. — Jóhannes 1:29, 36, 41.

Og fleira sannaði að Jesús væri Messías. Þegar Jóhannes skírði Jesú talaði Jehóva sjálfur af himni. Hann notaði heilagan anda til að skipa Jesú Messías og sagði: „Þessi er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á.“ (Matteus 3:16, 17) Hinn langþráði Messías var kominn!

Hvenær gerðist þetta? Árið 29 e.Kr., nákvæmlega þegar árin 483, sem Daníel talaði um, voru á enda. Þetta er ein af sönnunum þess að Jesús Kristur sé Messías, og sannanirnar eru óhrekjandi. En hvaða boðskap átti hann að boða meðan hann væri á jörðinni?

*— Byggt á Matteusi 1. til 3. kafla, Markúsi 1. kafla, Lúkasi 2. kafla og Jóhannesi 1. kafla.*

■ Hvernig lét Jehóva engla benda á að Jesús væri Messías?

■ Hvernig var Jóhannes skírari látinn benda á að Jesús væri Messías?

■ Hvernig staðfesti Jehóva sjálfur að sonur sinn væri Messías?

Jesús fæðist **um 2 f.Kr.**

**1 f.Kr.** | **1 e.Kr.**

**ath:**
árið núll er ekki til

**29 e.Kr.**
Jesús skírist

## Í HVAÐA SKILNINGI ER HANN SONUR GUÐS?

Jehóva er faðir Jesú en ekki á sama hátt og gerist meðal manna. Jesús var ekki getinn af konu heldur skapaður af Guði. Hann var reyndar fyrsti engillinn sem Jehóva skapaði. (Kólossubréfið 1:15-17) Jehóva er kallaður faðir Jesú vegna þess að hann gaf honum lífið með því að skapa hann. Eftir að hafa skapað þennan andason hafði Guð hann „með í ráðum“ þegar hann skapaði allt annað, þar á meðal alheiminn. — Orðskviðirnir 8:30.


1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
**Matteus ●**
**Markús ●**
**Lúkas ●**
**Jóhannes ●**
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf



# 17 Jesús fræðir fólk um ríki Guðs

Jesús kennir lærisveinunum margt en einbeitir sér aðallega að einu — ríki Guðs.

HVAÐA verkefni hafði Jesús hér á jörð? Hann sagði sjálfur: „Mér ber . . . að flytja . . . fagnaðarerindið um Guðs ríki því að til þess var ég sendur.“ (Lúkas 4:43) Lítum á fernt sem Jesús kenndi varðandi ríki Guðs en það var þungamiðjan í kennslu hans.

**1. Jesús átti að verða konungur.** Hann sagði berum orðum að hann væri hinn fyrirheitni Messías. (Jóhannes 4:25, 26) Hann benti einnig á að hann væri konungurinn sem Daníel spámaður hafði séð í sýn. Jesús sagði postulunum að þegar fram liðu stundir myndi hann sitja í „dýrðarhásæti“ og þeir myndu líka sitja í hásætum. (Matteus 19:28) Hann kallaði þennan hóp meðstjórnenda sinna „litla hjörð“ og sagðist líka eiga „aðra sauði“ sem ekki tilheyrðu þeim hópi. — Lúkas 12:32; Jóhannes 10:16.

**2. Ríki Guðs kemur á sönnu réttlæti.** Jesús gaf til kynna að ríki Guðs myndi binda enda á mesta óréttlæti sögunnar með því að helga nafn Jehóva Guðs og hrekja allar þær ásakanir sem Satan hefur borið á hendur Jehóva allt frá uppreisninni í Eden. (Matteus 6:9, 10) Jesús var alltaf óhlutdrægur og kenndi án manngreinarálits bæði körlum og konum, ríkum og fátækum. Þótt hann hefði fyrst og fremst það hlutverk að kenna Ísraelsmönnum rétti hann einnig hjálparhönd Samverjum og fólki af öðrum þjóðum. Hann var ólíkur trúarleiðtogum samtíðarinnar og sýndi aldrei minnstu hlutdrægni.

**3. Ríki Guðs átti ekki að vera hluti af þessum heimi.** Jesús var uppi á miklum umbrotatímum og heimaland hans var undir erlendum yfirráðum. En þegar fólk reyndi að fá hann til að blanda sér í stjórnmál dró hann sig í hlé. (Jóhannes 6:14, 15) Hann sagði stjórnmálamanni nokkrum: „Mitt ríki er ekki af þessum heimi.“ (Jóhannes 18:36) Hann sagði við fylgjendur sína: „Þér eruð ekki af heiminum.“ (Jóhannes 15:19) Hann leyfði þeim ekki að beita vopnum, ekki einu sinni til að verja hann. — Matteus 26:51, 52.

**4. Stjórn Krists átti að byggjast á kærleika.** Jesús lofaði að endurnæra fólk og létta byrðar þess. (Matteus 11:28-30) Hann stóð við orð sín. Hann kenndi fólki hvernig það gæti tekist á við áhyggjur sínar, bætt samskiptin við aðra, varast efnishyggju og höndlað hamingjuna. (Matteus 5. til 7. kafli) Allir áttu auðvelt með að leita til hans af því að hann var kærleiksríkur. Fólk úr öllum stéttum samfélagsins streymdi til hans, jafnvel það sem lægst var sett, í trausti þess að hann sýndi því vinsemd og virti reisn þess. Jesús verður frábær stjórnandi!

Jesús fræddi fólk um ríki Guðs á annan hátt, ekki síður áhrifaríkan. Hann vann fjölda kraftaverka. Við skulum kanna af hverju hann gerði það.

*— Byggt á guðspjöllum Matteusar, Markúsar, Lúkasar og Jóhannesar.*

■ Hvernig lét Jesús í ljós að hann væri konungurinn Messías?

■ Hvernig kom fram hjá Jesú að stjórn hans yrði réttlát?

■ Hvernig sýndi Jesús fram á að ríki hans tilheyrði ekki þessum heimi?

■ Hvernig vitum við að stjórn Jesú byggist á kærleika?

**„Jesús [fór] um, borg úr borg og þorp úr þorpi, prédikaði og flutti fagnaðarerindið um Guðs ríki.“**

***— Lúkas 8:1.***



# 18 Jesús vinnur kraftaverk

Kraftaverk Jesú sýna hvernig hann mun beita mætti sínum sem konungur.



GUÐ veitti Jesú mátt til að gera hluti sem aðrir menn gátu ekki. Jesús vann mörg kraftaverk, oft í augsýn fjölda sjónarvotta. Með þessum kraftaverkum sýndi Jesús að hann réð við óvini og erfiðleika sem ófullkomnir menn hafa aldrei getað unnið bug á. Lítum á nokkur dæmi.

**Hungur.** Fyrsta kraftaverk Jesú fólst í því að breyta vatni í úrvalsvín. Tvívegis mettaði hann þúsundir hungraðra með fáeinum brauðum og fiskum. Í báðum tilfellum var meira en nóg handa öllum.

**Sjúkdómar.** Jesús læknaði „hvers kyns sjúkdóm og veikindi meðal fólksins“. (Matteus 4:23) Hann læknaði blinda, heyrnarlausa, holdsveika og flogaveika. Hann réð við lömun og hvers kyns bæklun. Enginn sjúkdómur reyndist honum ofviða.

**Illviðri.** Einu sinni voru Jesús og lærisveinarnir að sigla yfir Galíleuvatn þegar stormur brast á. Lærisveinarnir voru dauðskelfdir en Jesús horfði einfaldlega í storminn og sagði: „Þegi þú, haf hljótt um þig!“ Þá gerði stillilogn. (Markús 4:37-39) Öðru sinni gekk hann á vatninu í ofviðri. — Matteus 14:24-33.

**Illir andar.** Illir andar eru miklu öflugri en menn. Margir hafa lent í klóm þessara illskeyttu óvina Guðs og ekki getað losað sig. En Jesús rak margsinnis út illa anda svo að þeir misstu tökin á fólki. Hann óttaðist þá ekki. Þeir vissu hins vegar hvaða vald hann hafði og óttuðust hann.



**Dauði.** Dauðinn er kallaður „síðasti óvinurinn“ og það með réttu. (1. Korintubréf 15:26) Enginn maður getur sigrast á dauðanum. Jesús reisti hins vegar upp dána. Ekkja endurheimti son sinn og harmþrungnir foreldrar unga dóttur sína. Jesús reisti líka upp Lasarus, vin sinn, að viðstöddum hópi syrgjenda, og hafði Lasarus þó verið dáinn í næstum fjóra daga! Hörðustu óvinir Jesú viðurkenndu meira að segja að hann hefði unnið þetta kraftaverk. — Jóhannes 11:38-48; 12:9-11.

Af hverju gerði Jesús öll þessi kraftaverk? Dóu ekki allir að lokum sem hann reisti upp frá dauðum? Jú, en kraftaverkin höfðu varanlegt gildi. Þau sönnuðu að hinir hrífandi spádómar um konunginn Messías voru byggðir á staðreyndum. Það er engin ástæða til að draga í efa að konungurinn, sem Guð hefur valið, geti útrýmt hungri, sjúkdómum, illviðrum, illum öndum og sjálfum dauðanum. Hann er búinn að sýna að Guð hefur gefið honum vald til að gera allt þetta.

*— Byggt á guðspjöllum Matteusar, Markúsar, Lúkasar og Jóhannesar.*

---

■ Hvernig sýndi Jesús að hann gat unnið bug á hungri, sjúkdómum, illviðrum, illum öndum og dauðanum?

■ Hvað gefa kraftaverk Jesú til kynna varðandi stjórn hans yfir jörðinni í framtíðinni?



# 19 Jesús spáir langt fram í tímann

Jesús lýsir atburðum sem eiga sér stað eftir að hann tekur við konungdómi og núverandi heimskerfi er í þann mund að líða undir lok.

JESÚS er staddur á Olíufjallinu ásamt fjórum af postulunum. Þeir hafa gott útsýni yfir Jerúsalem og musterið. Nú spyrja postularnir hann nánar út í mál sem hann hafði talað um áður. Hann var nýbúinn að segja þeim að musterið yrði lagt í rúst og hafði áður talað við þá um „endi veraldar“. (Matteus 13:40, 49) Nú spyrja postularnir: „Hvernig sjáum við að þú sért að koma og veröldin að líða undir lok?“ — Matteus 24:3.

Jesús sagði þeim þá hvað myndi eiga sér stað áður en Jerúsalem yrði eytt. En spádómurinn náði lengra fram í tímann. Hann átti að uppfyllast í meiri mæli síðar og þá um allan heim. Jesús lýsti atburðum og aðstæðum í heiminum sem samanlagt yrðu tákn þess að hann væri tekinn við völdum sem konungur á himnum. Jarðarbúar gætu með öðrum orðum séð af þessu tákni að Jehóva Guð hefði gert Jesú að konungi hins langþráða Messíasarríkis. Táknið myndi sýna að þetta ríki væri í þann mund að útrýma illskunni og koma á sönnum friði á jörð. Það sem Jesús spáði myndi þannig einkenna síðustu daga hins gamla heimskerfis — trúar-, stjórnmála- og þjóðfélagskerfin sem nú eru — og boða að nýr heimur væri að renna upp.

Jesús sagði hvað myndi gerast á jörðinni þegar hann hefði tekið við konungdómi á himnum. Þá yrðu útbreiddar styrjaldir, matvælaskortur, drepsóttir og miklir jarðskjálftar. Lögleysi myndi færast í aukana. Sannir lærisveinar Jesú myndu prédika fagnaðarerindið um ríki Guðs út um allan heim. Að síðustu myndi skella á mesta þrenging sem þekkst hefði í sögu mannkyns. — Matteus 24:21.

Hvernig gátu fylgjendur Jesú vitað að þrengingin væri í nánd? „Nemið líkingu af fíkjutrénu,“ sagði Jesús. (Matteus 24:32) Þegar fíkjutréð tekur að laufgast er það augljóst merki þess að sumarið sé í nánd. Þegar allt það sem Jesús spáði myndi eiga sér stað á ákveðnu tímabili yrði það að sama skapi augljóst merki þess að endirinn væri nærri. Enginn nema faðirinn myndi vita með vissu á hvaða degi og stund þrengingin mikla skylli á. Þess vegna hvatti Jesús lærisveinana til að halda vöku sinni og sagði: „Gætið yðar, vakið! Þér vitið ekki nær tíminn er kominn.“ — Markús 13:33.

*— Byggt á Matteusi 24. og 25. kafla, Markúsi 13. kafla og Lúkasi 21. kafla.*

■ Um hvað spurðu postularnir Jesú?

■ Hvernig var táknið sem Jesús lýsti og hvaða þýðingu hafði það?

■ Hvað ráðlagði Jesús lærisveinunum?

## TÁKNIÐ UM AÐ KRISTUR SÉ ORÐINN KONUNGUR

Jesús lýsti tákni sem myndi sýna hvenær Guð væri í þann mund að eyða hinu spillta heimskerfi sem nú er. Frá upphafi fyrri heimsstyrjaldarinnar hefur mannkynið orðið vitni að því sem Jesús spáði. Framvindan á sviði trúmála, stjórnmála og þjóðfélagsmála er slík að það stefnir hratt í að núverandi heimskerfi líði undir lok. Jesús sagði fylgjendum sínum að þeir yrðu að vera einbeittir og halda vöku sinni til að standa Guðs megin í deilunni um rétt hans til að fara með æðsta vald.* — Lúkas 21:36; Matteus 24:3-14.

* Nánari upplýsingar um spádóm Jesú er að finna í bókinni *Hvað kennir Biblían?* bls. 86-95. Bókin er gefin út af Vottum Jehóva.



**1. nísan 33 e.Kr.** (nísan svarar til hluta af mars og apríl)
Jesús líflátinn **14. nísan**
**16. nísan** Jesús reistur upp



# 20 Jesús Kristur líflátinn

Jesús stofnar til nýrrar hátíðar. Hann er svikinn og tekinn af lífi.

JESÚS hefur prédikað og kennt í þrjú og hálft ár og veit að tími hans á jörð er á enda. Trúarleiðtogar Gyðinga hafa gert samsæri um að ráða hann af dögum en óttast uppþot meðal almennings sem trúir að hann sé spámaður. Satan tekst að hafa áhrif á Júdas Ískaríot, einn af postulunum 12, þannig að hann svíkur Jesú. Trúarleiðtogarnir bjóðast til að greiða Júdasi 30 silfurpeninga fyrir að svíkja Jesú í hendur þeirra.

Jesús heldur páska ásamt postulunum kvöldið áður en hann er líflátinn. Eftir að hafa látið Júdas fara stofnar hann til nýrrar hátíðar sem kallast kvöldmáltíð Drottins. Hann tekur brauðhleif, fer með bæn og gefur postulunum 11 brauðið. „Þetta er líkami minn sem fyrir yður er gefinn,“ segir hann. „Gerið þetta í mína minningu.“ Eins gerir hann með bikar af víni og segir: „Þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði.“ — Lúkas 22:19, 20.

Jesús hefur margt að segja postulunum þetta kvöld. Hann gefur þeim nýtt boðorð þess efnis að þeir sýni hver öðrum óeigingjarnan kærleika. „Á því munu allir þekkja að þér eruð mínir lærisveinar ef þér berið elsku hver til annars,“ segir hann. (Jóhannes 13:34, 35) Hann hvetur þá til að skelfast ekki í hjörtum sínum vegna þeirra átakanlegu atburða sem séu fram undan og biður innilega fyrir þeim. Þeir syngja saman lofsöng og ganga síðan út í náttmyrkrið.

Í Getsemanegarðinum krýpur Jesús á kné og úthellir hjarta sínu fyrir Guði í bæn. Innan skamms kemur vopnaður hópur hermanna, presta og fleiri til að handtaka hann. Júdas bendir á hver sé Jesús með því að ganga fram og kyssa hann. Hermennirnir binda Jesú en postularnir flýja.

Jesús er leiddur fyrir hæstarétt Gyðinga og lýsir yfir að hann sé sonur Guðs. Rétturinn dæmir hann sekan um guðlast og telur hann dauðasekan. Síðan er farið með hann til rómverska landstjórans Pontíusar Pílatusar. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að Jesús hafi ekki gerst sekur um nokkurn glæp en afhendir hann samt mannfjöldanum sem heimtar að hann sé tekinn af lífi.

Farið er með Jesú til Golgata þar sem rómverskir hermenn negla hann á aftökustaur. Það skellur á myrkur um hábjartan dag. Jesús deyr síðdegis þann dag og mikill jarðskjálfti verður. Hann er lagður í gröf sem höggvin er í klett. Daginn eftir láta prestarnir innsigla gröfina og setja verði við grafarmunnann. Átti Jesús að liggja áfram í gröf sinni? Nei, mesta kraftaverkið á eftir að eiga sér stað.

*— Byggt á Matteusi 26. og 27. kafla, Markúsi 14. og 15. kafla, Lúkasi 22. og 23. kafla og Jóhannesi 12. til 19. kafla.*

■ Til hvaða nýrrar hátíðar stofnar Jesús?

■ Lýstu þeim atburðum sem áttu sér stað áður en Jesús dó.

## HIÐ MIKILVÆGA HLUTVERK JESÚ

Dauði Jesú gegnir mikilvægu hlutverki í því að fyrirætlun Jehóva nái fram að ganga. Jesús var getinn af heilögum anda Guðs og fæddist þar af leiðandi fullkominn og þurfti ekki að deyja. Hann gaf hins vegar líf sitt til að mennirnir ættu möguleika á því að lifa að eilífu við sams konar skilyrði og Adam eyðilagði fyrir afkomendum sínum þegar hann óhlýðnaðist Guði.* — Matteus 20:28; Lúkas 1:34, 35; Jóhannes 3:16, 36; 2. Pétursbréf 3:13.

* Nánar er fjallað um gildi fórnarinnar, sem Jesús færði með dauða sínum, í bókinni *Hvað kennir Biblían?* bls. 47-56. Bókin er gefin út af Vottum Jehóva.


1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
**Matteus ●**
**Markús ●**
**Lúkas ●**
**Jóhannes ●**
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið


**30. nísan**
**33 e.Kr.**

1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
• **Matteus**
• **Markús**
• **Lúkas**
• **Jóhannes**
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf



# 21 Jesús er upprisinn

Jesús birtist fylgjendum sínum til að kenna þeim og hvetja þá.

Á ÞRIÐJA degi eftir dauða Jesú uppgötva konur úr hópi lærisveinanna að steininum, sem lokaði gröfinni, hefur verið velt frá. Og gröfin er tóm!

Tveir englar birtast konunum. „Þér leitið að Jesú frá Nasaret,“ segir annar þeirra. „Hann er upp risinn.“ (Markús 16:6) Konurnar hlaupa strax af stað til að segja postulunum frá þessu. Þær hitta Jesú á leiðinni. „Óttist ekki,“ segir hann. „Farið og segið bræðrum mínum og systrum að halda til Galíleu. Þar munu þau sjá mig.“ — Matteus 28:10.

Síðar sama dag eru tveir lærisveinar á göngu frá Jerúsalem til þorps sem heitir Emmaus. Ókunnugur maður slæst í för með þeim og spyr um hvað þeir séu að ræða. Þetta var reyndar Jesús upprisinn en var þannig útlits að þeir þekktu hann ekki í fyrstu. Þeir segja honum daprir í bragði að þeir hafi verið að tala um Jesú. Ókunni maðurinn tekur þá að skýra fyrir þeim það sem sagt var um Messías í öllum ritningunum. Jesús hafði vissulega uppfyllt messíasarspádómana í smáatriðum.* Þegar lærisveinarnir áttuðu sig á að ókunni maðurinn var Jesús, reistur upp sem andi, hvarf hann sjónum þeirra.

* Finna má dæmi um messíasarspádóma, sem rættust á Jesú, á bls. 17-19 í þessum bæklingi og á bls. 199-201 í bókinni *Hvað kennir Biblían?*

Lærisveinarnir tveir snúa þegar í stað við og halda aftur til Jerúsalem. Postularnir eru þar saman komnir bak við læstar dyr. Þegar tvímenningarnir segja frá því sem gerðist birtist Jesús. Fylgjendur hans eru furðu lostnir og trúa varla eigin augum. „Hvers vegna vakna efasemdir í hjarta ykkar?“ spyr hann. „Svo er skrifað að Kristur eigi að líða og rísa upp frá dauðum á þriðja degi.“ — Lúkas 24:38, 46.

Jesús birtist lærisveinum sínum við ýmis tækifæri í 40 daga eftir að hann er reistur upp. Einu sinni birtist hann meira en 500 í einu! Það er líklega þá sem hann felur þeim þetta mikilvæga verkefni: „Farið . . . og gerið allar þjóðir að lærisveinum . . . og kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“ — Matteus 28:19, 20.

Í síðasta skiptið, sem Jesús hittir 11 trúa postula sína, lofar hann: „Þér munuð öðlast kraft er heilagur andi kemur yfir yður og þér munuð verða vottar mínir . . . allt til endimarka jarðarinnar.“ (Postulasagan 1:8) Síðan lyftist Jesús upp til himna og ský huldi hann sjónum þeirra.

*— Byggt á Matteusi 28. kafla, Markúsi 16. kafla, Lúkasi 24. kafla, Jóhannesi 20. og 21. kafla og 1. Korintubréfi 15:5, 6.*

■ Hvernig uppgötva lærisveinar Jesú að Guð hafi reist hann upp frá dauðum?

■ Hvað útskýrði Jesús fyrir tveim lærisveinum á leiðinni til Emmaus?

■ Hvaða fyrirmæli gaf Jesús lærisveinunum áður en hann steig upp til himna?

## HEILAGUR ANDI

Heilagur andi Guðs er sterkasta afl sem til er. Jehóva Guð beitti anda sínum eða starfskrafti til að skapa himin og jörð og stýra ritun Biblíunnar. Andi hans var aflið að baki öllum kraftaverkunum sem við höfum lesið um hingað til, þar á meðal mesta kraftaverkinu sem var að reisa Jesú Krist upp frá dauðum sem volduga andaveru. — 1. Mósebók 1:2; 2. Samúelsbók 23:2; Postulasagan 10:38; 1. Pétursbréf 3:18.

**30. nísan 33 e.Kr.**

**6. sívan 33** hvítasunna; heilögum anda úthellt (sívan svarar til hluta af maí og júní)

**36** Kornelíus gerist kristinn



# 22 Postularnir prédika djarfmannlega

Kristni söfnuðurinn vex hratt þrátt fyrir ofsóknir.

TÍU dögum eftir að Jesús steig upp til himna safnast saman um 120 lærisveinar í húsi einu í Jerúsalem. Þetta er sama dag og Gyðingar halda hvítasunnuhátíðina árið 33. Skyndilega heyrist gnýr eins og óveður sé að skella á og fyllir húsið. Lærisveinarnir taka á undraverðan hátt að tala ýmis tungumál sem þeir þekktu ekki fyrir. Hver var skýringin á þessum undarlega atburði? Hún var sú að Guð hafði gefið lærisveinunum heilagan anda.

Mikill mannfjöldi er staddur fyrir utan húsið því að fólk hafði komið frá mörgum löndum til að halda hátíðina. Menn eru forviða að heyra lærisveina Jesú tala reiprennandi á þeirra tungu. Pétur skýrir þennan atburð fyrir fjöldanum og bendir á spádóm Jóels þar sem segir að Guð myndi „úthella“ anda sínum og þeir sem fengju hann myndu fá undraverða hæfileika. (Jóel 3:1, 2) Þetta er óhrekjandi vitnisburður þess að mikilvæg breyting hafi átt sér stað. Guð var ekki lengur með Ísrael heldur studdi hinn nýstofnaða kristna söfnuð. Þeir sem vildu þjóna Guði í samræmi við vilja hans urðu nú að fylgja Kristi.

Andstaðan gegn kristna söfnuðinum færist í aukana og lærisveinunum er varpað í fangelsi. Um nóttina opnar engill Jehóva fangelsisdyrnar og segir þeim að halda áfram að prédika. Og það gera þeir. Í dögun ganga þeir í musterið og taka að boða fagnaðarerindið um Jesú. Trúarlegir fjandmenn þeirra eru ævareiðir og skipa þeim að hætta. En postularnir svara djarfmannlega: „Framar ber að hlýða Guði en mönnum.“ — Postulasagan 5:28, 29.

Ofsóknirnar stigmagnast. Nokkrir Gyðingar saka lærisveininn Stefán um guðlast og grýta hann til bana. Ungur maður, Sál frá Tarsus, er vitni að morðinu og lætur sér það vel líka. Hann heldur síðan áleiðis til Damaskus til að handtaka fylgjendur Krists. Á leiðinni leiftrar ljós af himni og hann heyrir rödd sem segir: „Sál, Sál, hví ofsækir þú mig?“ Ljósið blindar Sál og hann spyr: „Hver ert þú?“ Þá er svarað: „Ég er Jesús.“ — Postulasagan 9:3-5.

Þrem dögum síðar sendir Jesús lærisvein sem heitir Ananías til að gefa Sál sjónina aftur. Sál lætur skírast og tekur að prédika með djörfung að Jesús sé sonur Guðs. Sál er síðar þekktur sem Páll postuli og reynist ötull og kappsamur trúboði kristna safnaðarins.

Fram til þessa höfðu lærisveinar Jesú aðeins boðað fagnaðarerindið um ríki Guðs meðal Gyðinga og Samverja. Engill birtist nú Kornelíusi en hann er guðhræddur rómverskur liðsforingi. Engillinn segir honum að senda eftir Pétri postula. Pétur og nokkrir fleiri fara til Kornelíusar og Pétur prédikar fyrir honum og heimilisfólki hans. Meðan Pétur er enn að tala kemur heilagur andi yfir þessa heiðingja, sem hafa tekið trú, og postulinn lætur skíra þá í nafni Jesú. Leiðin til eilífs lífs er nú opin fólki af öllum þjóðum. Söfnuðurinn er reiðubúinn að boða fagnaðarerindið vítt og breitt.

— *Byggt á Postulasögunni 1:1–11:21.*

■ Hvað gerðist á hvítasunnuhátíðinni?

■ Hvernig brugðust andstæðingarnir við þegar lærisveinar Jesú boðuðu fagnaðarerindið?

■ Hvernig var leiðin til eilífs lífs opnuð fólki af öllum þjóðum?

1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin
Jesaja
Jeremía
Harmljóðin
Esekíel
Daníel
Hósea
Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
• **Postulasagan**
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf
2. Tímóteusarbréf



# 23 Fagnaðarerindið breiðist út

Páll fer um sjó og land til að boða fagnaðarerindið.

PÁLL boðar fagnaðarerindið um ríki Guðs af miklum krafti eftir að hafa tekið trú. En nú er maðurinn, sem ofsótti kristna söfnuðinn, ofsóttur sjálfur. Þessi ötuli postuli fer í nokkrar boðunarferðir og ferðast víða til að útbreiða fagnaðarerindið um ríkið, en þetta ríki er leið Guðs til að láta upphaflega fyrirætlun sína með mannkynið ná fram að ganga.

Í fyrstu boðunarferð sinni er Páll staddur í Lýstru og læknar þar mann sem hafði verið lamaður á fótum frá fæðingu. Mannfjöldinn tekur þá að hrópa að Páll og Barnabas, ferðafélagi hans, séu guðir. Tvímenningunum tekst með naumindum að koma í veg fyrir að fólkið færi þeim fórnir. Fjandmenn Páls hafa síðar þau áhrif að þetta sama fólk grýtir Pál og telur hann dáinn. En Páll lifir og snýr aftur til borgarinnar síðar til að uppörva lærisveinana og hvetja þá.

Hópur Gyðinga í kristna söfnuðinum heldur því fram að trúað fólk af öðrum þjóðum þurfi að fylgja vissum ákvæðum Móselaganna. Páll leggur málið fyrir postulana og öldungana í Jerúsalem. Eftir að hafa skoðað ritningarnar vandlega og leitað leiðsagnar heilags anda komast þeir að niðurstöðu. Þeir skrifa söfnuðunum og hvetja þá til að forðast skurðgoðadýrkun, neyta ekki blóðs né kjöts sem hafði ekki verið blóðgað og forðast saurlifnað. Það var „nauðsynlegt“ að halda þessi ákvæði en til þess þurfti *ekki* að fylgja lögmáli Móse. — Postulasagan 15:28, 29.



Í annarri boðunarferðinni kemur Páll til Beroju. Hún stóð í Makedóníu þar sem nú heitir Grikkland. Gyðingar þar í borg taka fúslega við orðinu og rannsaka daglega ritningarnar til að sannreyna það sem Páll kennir. En sökum andstöðu neyðist Páll til að halda för sinni áfram og fer til Aþenu. Páll flytur kröftuga ræðu í áheyrn lærðra Aþenumanna. Ræðan er prýðisdæmi um nærgætni, innsæi og málsnilld.

Páll heldur til Jerúsalem eftir að hafa lokið þriðju boðunarferðinni. Leiðin liggur í musterið en Gyðingar gera uppþot og ætla að drepa hann. Rómverskir hermenn skakka leikinn og síðan er Páll yfirheyrður. Þar sem hann er rómverskur ríkisborgari fær hann síðar að verja mál sitt fyrir Felix, landstjóra Rómverja. Gyðingar geta ekki lagt fram neinar sannanir fyrir því sem þeir saka Pál um. Til að koma í veg fyrir að Festus, sem er annar rómverskur landstjóri, framselji hann Gyðingum segir Páll: „Ég skýt máli mínu til keisarans.“ Festus svarar: „Til keisarans skaltu fara.“ — Postulasagan 25:11, 12.

Páll er síðan fluttur sjóleiðis til Ítalíu til að verja mál sitt. Eftir skipbrot við Möltu hefur hann vetursetu á eynni. Hann kemur að lokum til Rómar og býr þar í tvö ár í húsnæði sem hann hafði leigt sér. Þótt hermaður gæti hans er hann ötull sem fyrr og boðar ríki Guðs öllum sem heimsækja hann.

*— Byggt á Postulasögunni 11:22–28:31.*

■ Hvað gerðist eftir að Páll læknaði lamaðan mann í Lýstru?

■ Hvernig var skorið úr deilunni um það hvort kristnir menn þyrftu að fylgja lögmáli Móse?

■ Af hverju fór Páll til Rómar og hvað gerði hann þar?

**60 e.Kr.**



# 24 Páll skrifar söfnuðunum

Bréf Páls styrkja kristna söfnuðinn.


1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók





HINN nýstofnaði kristni söfnuður á að gegna mikilvægu hlutverki í því að vilji Jehóva nái fram að ganga. En það líður ekki á löngu áður en frumkristnir menn sæta árásum. Verða þeir Guði trúir í utanaðkomandi ofsóknum og gagnvart lúmskari hættum innan frá? Í Nýja testamentinu er að finna 21 bréf þar sem gefin eru góð ráð og hvatningarorð.

Fjórtán af þessum bréfum, frá Rómverjabréfinu til Hebreabréfsins, voru skrifuð af Páli postula. Bréfin eru nefnd eftir þeim sem þau eru stíluð á, hvort sem það eru söfnuðir eða einstaklingar. Lítum á sumt af því sem Páll fjallar um í bréfum sínum.

**Leiðbeiningar um hegðun og siðferði.** Þeir sem stunda saurlifnað, hórdóm og aðrar grófar syndir „munu ekki erfa Guðs ríki“. (Galatabréfið 5:19-21; 1. Korintubréf 6:9-11) Þeir sem tilbiðja Guð verða að vera sameinaðir óháð þjóðerni. (Rómverjabréfið 2:11; Efesusbréfið 4:1-6) Þeir eiga að gefa fúslega af sjálfum sér til að hjálpa þurfandi trúsystkinum. (2. Korintubréf 9:7) „Biðjið án afláts,“ hvetur Páll. Kristnir menn eru hvattir til að úthella hjörtum sínum fyrir Jehóva í bæn. (1. Þessaloníkubréf 5:17; 2. Þessaloníkubréf 3:1; Filippíbréfið 4:6, 7) Til að Guð heyri bænir þarf að biðja í trú. — Hebreabréfið 11:6.

Hvernig dafna fjölskyldur best? Eiginmaður á að elska eiginkonu sína eins og eigin líkama. Eiginkona á að bera djúpa virðingu fyrir eiginmanni sínum. Börn eiga að hlýða foreldrum sínum því að það er Guði þóknanlegt. Foreldrar þurfa að leiðbeina og kenna börnunum í kærleika í samræmi við meginreglur Guðs. — Efesusbréfið 5:22–6:4; Kólossubréfið 3: 18-21.

**Hjálp til að skilja fyrirætlun Guðs.** Mörg ákvæði Móselaganna höfðu það hlutverk að vernda Ísraelsmenn og leiðbeina þeim þangað til Kristur kæmi. (Galatabréfið 3:24) Kristnir menn þurfa hins vegar ekki að halda lögmálið til að tilbiðja Guð. Hebreabréfið er ætlað kristnum mönnum sem voru Gyðingar að uppruna. Þar varpar Páll ljósi á þýðingu lögmálsins og skýrir hvernig fyrirætlun Guðs kom fram í Kristi. Páll bendir á að margt í lögmálinu hafi haft spádómlega þýðingu. Dýrafórnirnar fyrirmynduðu til dæmis fórn Jesú en


Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
Rómverjabréfið •
1. Korintubréf •
2. Korintubréf •
Galatabréfið •
Efesusbréfið •
Filippíbréfið •
Kólossubréfið •
1. Þessaloníkubréf •
2. Þessaloníkubréf •
1. Tímóteusarbréf •
2. Tímóteusarbréf •
Títusarbréfið •
Fílemonsbréfið •
Hebreabréfið •
Jakobsbréfið
1. Pétursbréf
2. Pétursbréf
1. Jóhannesarbréf
2. Jóhannesarbréf
3. Jóhannesarbréf
Júdasarbréfið
Opinberunarbókin

Eftir að Adam og Eva syndguðu talaði Guð á líkingamáli við höggorminn og sagði: „Ég set fjandskap milli þín og konunnar og milli þinna niðja og hennar niðja. Þeir skulu merja höfuð þitt og þú skalt höggva þá í hælinn.“ (1. Mósebók 3:15) Satan djöfullinn er ‚hinn gamli höggormur‘ eins og fram kemur í Biblíunni. (Opinberunarbókin 12:9) En hvern eða hverja er átt við þegar talað er um niðja konunnar, frelsarann? Það var leyndardómur sem var opinberaður smám saman í aldanna rás.

Um 2.000 árum eftir að Adam og Eva syndguðu gaf Jehóva til kynna að fyrirheitni niðjinn kæmi af ætt Abrahams. (1. Mósebók 22:17, 18) Öldum síðar benti Páll postuli á að aðalniðjinn væri Messías, Jesús Kristur. (Galatabréfið 3:16) Þegar Jesús var tekinn af lífi var hann í táknrænum skilningi höggvinn „í hælinn“ eins og það er orðað í 1. Mósebók 3:15. En Jehóva reisti hann upp frá dauðum og var hann þá ‚lifandi gerður í anda‘. — 1. Pétursbréf 3:18.

Guð hafði einnig fyrirhugað að 144.000 manns myndu tilheyra þessum niðjum. (Galatabréfið 3:29; Opinberunarbókin 14:1) Þeir eru reistir upp sem andaverur og erfa ríkið á himnum ásamt Kristi. — Rómverjabréfið 8:16, 17.

Jesús er nú voldugur konungur á himnum og útrýmir bráðlega Satan og niðjum hans, það er að segja illum mönnum og öndum sem fylgja honum. (Jóhannes 8:44; Efesusbréfið 6:12) Jesús færir síðan öllum hlýðnum mönnum frið og fögnuð. Hann mer „höfuð“ höggormsins svo að hann líður undir lok. — Hebreabréfið 2:14.

Jóel
Amos
Óbadía
Jónas
Míka
Nahúm
Habakkuk
Sefanía
Haggaí
Sakaría
Malakí
Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
• **Rómverjabréfið**
• **1. Korintubréf**
• **2. Korintubréf**
• **Galatabréfið**
• **Efesusbréfið**
• **Filippíbréfið**
• **Kólossubréfið**
• **1. Þessaloníkubréf**
• **2. Þessaloníkubréf**
• **1. Tímteusarbréf**
• **2. Tímteusarbréf**
• **Títusarbréfið**
• **Fílemonsbréfið**
• **Hebreabréfið**
Jakobsbréfið
1. Pétursbréf
2. Pétursbréf
1. Jóhannesarbréf
2. Jóhannesarbréf
3. Jóhannesarbréf
Júdasarbréfið
Opinberunarbókin

hún er forsenda þess að fá syndir sínar fyrirgefnar. (Hebreabréfið 10:1-4) Með dauða Jesú felldi Guð lagasáttmálann úr gildi því að hans var ekki lengur þörf. — Kólossubréfið 2:13-17; Hebreabréfið 8:13.

**Leiðbeiningar um skipulag safnaðarins.** Karlmenn, sem fara með forystu í söfnuðinum, þurfa að hafa gott siðferði og uppfylla þær hæfniskröfur sem gerðar eru í Biblíunni. (1. Tímóteusarbréf 3:1-10, 12, 13; Títusarbréfið 1:5-9) Þeir sem tilbiðja Jehóva Guð eiga að safnast saman reglulega til að uppörva hver annan. (Hebreabréfið 10:24, 25) Samkomur eiga að vera fræðandi og uppbyggilegar. — 1. Korintubréf 14:26, 31.

Þegar Páll skrifar Tímóteusi síðara bréfið er hann kominn aftur til Rómar. Hann situr í fangelsi og bíður dóms. Aðeins fáeinir hugrakkir trúbræður taka þá áhættu að heimsækja hann. Páll veit að hann á skammt eftir ólifað. „Ég hef barist góðu baráttunni, hef fullnað skeiðið, hef varðveitt trúna,“ segir hann. (2. Tímóteusarbréf 4:7) Hann deyr sennilega píslarvættisdauða skömmu síðar. En bréf hans eru þjónum Guðs til leiðsagnar enn þann dag í dag.

*— Byggt á Rómverjabréfinu, 1. og 2. Korintubréfi, Galatabréfinu, Efesusbréfinu, Filippíbréfinu, Kólossubréfinu, 1. og 2. Þessaloníkubréfi, 1. og 2. Tímóteusarbréfi, Títusarbréfinu, Fílemonsbréfinu og Hebreabréfinu.*

---

■ Hvaða leiðbeiningar er að finna um hegðun og siðferði í bréfum Páls?

■ Hvernig varpar Páll ljósi á fyrirætlun Guðs með Krist?

■ Hvaða leiðbeiningar gaf Páll um skipulag safnaðarins?





**61 e.Kr.**

**fyrir 62** Jakob, hálfbróðir Jesú, skrifar bréf sitt



# 25 Leiðbeiningar um trú, hegðun og kærleika

Jakob, Pétur, Jóhannes og Júdas skrifa bréf til að hvetja og uppörva trúsystkini.



JAKOB og Júdas voru hálfbræður Jesú. Pétur og Jóhannes voru úr hópi hinna 12 postula hans. Þessir fjórir menn skrifuðu alls sjö bréf sem er að finna í Nýja testamentinu. Bréfin eru nefnd eftir þeim sem skrifuðu þau. Í þessum bréfum er að finna innblásnar leiðbeiningar sem áttu að hjálpa kristnum mönnum að sýna Jehóva og ríki hans hollustu.

**Sýnum trú.** Það er ekki nóg að segjast bara trúa. Sönn trú birtist í verki. Jakob skrifar að trúin sé „dauð án verka“. (Jakobsbréfið 2:26) Trúfesti í prófraunum stuðlar að þolgæði. Kristinn maður þarf að biðja Guð að gefa sér visku og vera sannfærður um að hann fái bænheyrslu. Þolgæði aflar mönnum velþóknunar Guðs. (Jakobsbréfið 1:2-6, 12) Guð kemur til móts við þann mann sem er ráðvandur og tilbiður hann í trú. „Nálægið ykkur Guði og þá mun hann nálgast ykkur,“ segir Jakob. — Jakobsbréfið 4:8.

Kristinn maður þarf að hafa nógu sterka trú til að standast freistingar og siðlaus áhrif. Júdas hvatti trúsystkini sín til að ‚berjast fyrir trúnni‘ og ekki að ástæðulausu því að siðspilling var viðvarandi í umheiminum. — Júdasarbréfið 3.

**Lifum hreinu lífi.** Jehóva ætlast til þess að tilbiðjendur sínir séu heilagir, það er að segja hreinir að öllu leyti. Pétur skrifar: „Verðið heldur sjálf heilög í öllu dagfari . . . Ritað er: ‚Verið heilög því ég [Jehóva] er heilagur.‘“ (1. Pétursbréf 1:15, 16) Kristnir menn eiga sér góða fyrirmynd. „Kristur leið . . . fyrir ykkur og lét ykkur eftir fyrirmynd til þess að þið skylduð feta í fótspor hans,“ skrifar Pétur. (1. Pétursbréf 2:21) Kristnir menn varðveita „góða samvisku“ þó að þeir þurfi ef til vill að þjást vegna þess að þeir lifa eftir meginreglum Guðs. (1. Pétursbréf 3:16, 17) Pétur hvetur trúsystkini sín til að lifa heilögu og guðrækilegu lífi á meðan þau bíða eftir dómsdegi Guðs og nýja heiminum „þar sem réttlæti býr“. — 2. Pétursbréf 3:11-13.

**Sýnum kærleika.** „Guð er kærleikur,“ skrifar Jóhannes. Hann bendir á að Guð hafi sýnt mönnunum ómældan kærleika með því að senda Jesú til að vera „friðþæging fyrir syndir okkar“. Hvernig ættu kristnir menn að bregðast við því? Jóhannes svarar: „Þið elskuðu, fyrst Guð hefur elskað okkur svo mikið þá ber okkur einnig að elska hvert annað.“ (1. Jóhannesarbréf 4:8-11) Við getum meðal annars sýnt slíkan kærleika með því að vera gestrisin við trúsystkini. — 3. Jóhannesarbréf 5-8.

**„Nálægið ykkur Guði og þá mun hann nálgast ykkur.“**
**— *Jakobsbréfið 4:8.***

En hvernig geta þjónar Jehóva sýnt að þeir elski hann? Jóhannes svarar: „Elskan til Guðs birtist í að við höldum boðorð hans. Og boðorð hans eru ekki þung.“ (1. Jóhannesarbréf 5:3; 2. Jóhannesarbréf 6) Þeir sem eru Guði hlýðnir geta treyst að hann elski þá og veiti þeim „eilíft líf“. — Júdasarbréfið 21.

*— Byggt á Jakobsbréfinu, 1. og 2. Pétursbréfi, 1. til 3. Jóhannesarbréfi og Júdasarbréfinu.*

- Hvernig getur kristinn maður sýnt trú?
- Hvernig eiga tilbiðjendur Guðs að lifa?
- Hvernig getum við sýnt að við elskum Guð í raun og veru?

1. Mósebók
2. Mósebók
3. Mósebók
4. Mósebók
5. Mósebók
Jósúabók
Dómarabókin
Rutarbók
1. Samúelsbók
2. Samúelsbók
1. Konungabók
2. Konungabók
1. Kroníkubók
2. Kroníkubók
Esrabók
Nehemíabók
Esterarbók
Jobsbók
Sálmarnir
Orðskviðirnir
Prédikarinn
Ljóðaljóðin



# 26 Paradís endurheimt!

Fyrir atbeina ríkisins í höndum Krists helgar Jehóva nafn sitt, ver drottinvald sitt og útrýmir allri illsku.

SÍÐASTA bók Biblíunnar er nefnd Opinberunarbókin og hún veitir öllum mönnum bjarta von. Bókin er skrifuð af Jóhannesi postula og segir frá sýnum sem ná hámarki þegar fyrirætlun Jehóva nær fram að ganga.

Í fyrstu sýninni hrósar hinn upprisni Jesús nokkrum söfnuðum og leiðréttir þá. Í annarri sýninni birtist himneskt hásæti Guðs þar sem andaverur syngja honum lof.

Fyrirætlun Guðs miðar áfram og lambinu, Jesú Kristi, er afhent bókrolla með sjö innsiglum. Þegar fyrstu fjögur innsiglin eru rofin þeysa fram á sjónarsviðið fjórir táknrænir riddarar. Fyrstur kemur Jesús sem krýndur konungur á hvítum hesti. Því næst koma riddarar á hestum sem eru hver í sínum lit. Þeir tákna stríð, hungur og drepsóttir sem eiga sér stað á síðustu dögum þessa heimskerfis. Þegar sjöunda innsiglið er rofið er blásið í sjö básúnur. Það táknar að dómar Guðs séu boðaðir. Í kjölfarið koma sjö plágur sem tákna reiði Guðs.

Jóhannes sér í sýn að sveinbarn fæðist. Það táknar að ríki Guðs sé nú stofnsett á himnum. Stríð brýst út og Satan og illum englum hans er varpað niður til jarðar. „Vei sé jörðunni,“ segir rödd mikil. Djöfullinn er í miklum móð því að hann veit að hann hefur nauman tíma. — Opinberunarbókin 12:12.

Jóhannes sér lamb á himni sem táknar Jesú. Með honum eru 144.000 sem eru útvaldir úr hópi manna. Þeir eiga að ríkja sem konungar með Jesú. Í Opinberunarbókinni kemur þannig fram að viðbótarniðjarnir eru alls 144.000. — Opinberunarbókin 14:1; 20:6.

Valdhafar jarðar safnast saman til „stríðsins á hinum mikla degi Guðs hins alvalda“ sem er nefnt Harmagedón. Þeir berjast við þann sem situr á hvíta hestinum, Jesú sem er í forystu fyrir himneskum hersveitum. Öllum valdhöfum þessa heims er útrýmt. Satan er bundinn og Jesús ríkir í „þúsund ár“ ásamt 144.000 meðstjórnendum sínum. Þegar þúsund árin eru á enda er Satan tortímt. — Opinberunarbókin 16:14; 20:4.

Hvað hefur þúsund ára stjórn Jesú og meðstjórnenda hans í för með sér fyrir hlýðna menn? Jóhannes skrifar: „[Jehóva] mun þerra hvert tár af augum þeirra. Og dauðinn mun ekki framar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er framar til. Hið fyrra er farið.“ (Opinberunarbókin 21:4) Jörðin verður paradís!

Í Opinberunarbókinni kemur fram hvernig fyrirætlun Guðs nær endanlega fram að ganga. Fyrir atbeina Messíasarríkisins er nafn Jehóva helgað og drottinvald hans staðfest um alla eilífð!

*— Byggt á Opinberunarbókinni.*

- Hvað tákna riddararnir?
- Hvað gerist þegar fyrirætlun Guðs miðar áfram?
- Hvað er Harmagedón og hvernig endar það?

## „BABÝLON HIN MIKLA“

Í Opinberunarbókinni eru öll falstrúarbrögð í heild sinni kölluð ‚skækjan mikla‘. Þar er átt við öll trúarbrögð sem eru andstæð Guði. Þau eru einnig nefnd „Babýlon hin mikla“ og sagt að þau selji sig stjórnmálaöflunum eins og vændiskona. Í Opinberunarbókinni segir að á tilsettum tíma Jehóva Guðs muni stjórnmálaöflin snúast gegn skækjunni og tortíma henni. — Opinberunarbókin 17:1-5, 16, 17.

Matteus
Markús
Lúkas
Jóhannes
Postulasagan
Rómverjabréfið
1. Korintubréf
2. Korintubréf
Galatabréfið
Efesusbréfið
Filippíbréfið
Kólossubréfið
1. Þessaloníkubréf
2. Þessaloníkubréf
1. Tímóteusarbréf
2. Tímóteusarbréf
Títusarbréfið
Fílemonsbréfið
Hebreabréfið
Jakobsbréfið
1. Pétursbréf
2. Pétursbréf
1. Jóhannesarbréf
2. Jóhannesarbréf
3. Jóhannesarbréf
Júdasarbréfið
• **Opinberunarbókin**

Jóhannes skrifar Opinberunarbókina **um 96**

**71 e.Kr.**

Jóhannes deyr síðastur postulanna **um 100 e.Kr.**

# Boðskapur Biblíunnar

## YFIRLIT

1 Jehóva skapar Adam og Evu og þau eiga fyrir sér eilíft líf í paradís. Satan rægir Jehóva og véfengir rétt hans til að stjórna. Adam og Eva ganga í lið með honum í uppreisninni og kalla synd og dauða yfir sig og afkomendur sína.

2 Jehóva dæmir uppreisnarseggina og lofar að fram komi frelsari til að tortíma Satan og gera að engu allt það tjón sem uppreisnin og syndin olli.

3 Jehóva lofar Abraham og Davíð að þeir skuli verða forfeður frelsarans Messíasar, og hann skuli ríkja sem konungur að eilífu.

4 Jehóva innblæs spámönnum að segja fyrir að Messías muni lækna mannkynið af synd og dauða. Ásamt meðstjórnendum sínum verði hann konungur Guðsríkis og bindi enda á styrjaldir, sjúkdóma og dauða.

5 Jehóva sendir son sinn til jarðar og upplýsir að Jesús sé Messías. Jesús boðar ríki Guðs og fórnar lífi sínu. Jehóva reisir hann síðan upp sem anda.

6 Jehóva krýnir Jesú sem konung á himnum og síðustu dagar núverandi heimskerfis hefjast. Jesús leiðbeinir fylgjendum sínum á jörð meðan þeir boða Guðsríki um allan heim.

7 Jehóva segir syni sínum að taka völd á jörðinni. Guðsríki ryður úr vegi öllum illum stjórnvöldum, kemur á paradís og fullkomnar þá menn sem eru Guði trúir. Staðfest er að Jehóva hafi réttinn til að stjórna og nafn hans er helgað um alla eilífð.

## LANGAR ÞIG TIL AÐ VITA MEIRA?

Í þessum bæklingi er að finna stutta og hnitmiðaða samantekt á efni Biblíunnar. Ætlunin er ekki að skýra allar kenningar Biblíunnar í smáatriðum.

Þér leikur kannski forvitni á að vita svör Biblíunnar við því hvort Guði sé annt um þig sem einstakling. Hvað gerist við dauðann? Hvernig er hægt að vera hamingjusamur?

Hægt er að finna svörin við þessum spurnum og mörgum fleiri með hjálp bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* Hún er gefin út af Vottum Jehóva. Í bókinni er farið yfir efni Biblíunnar lið fyrir lið. Tekin eru saman þau vers í Biblíunni sem fjalla um hvert efni fyrir sig.

❏ Vinsamlegast sendið mér án allra skuldbindinga bókina *Hvað kennir Biblían?*

Tilgreindu tungumál ........................................................

❏ Vinsamlegast hafið samband við mig varðandi ókeypis aðstoð við biblíunám.

Nafn ........................................................................................

Póstfang ..................................................................................

.................................................................................................




Vottar Jehóva, Sogavegi 71, 108 Reykjavík

**www.jw.org**

## Viltu fá nánari upplýsingar?

Þú getur sótt ritið, sem sýnt er að ofan, á vefsíðuna **www.jw.org** eða útfyllt miðann og sent hann á viðeigandi heimilisfang sem er að finna á **www.jw.org/contact.**

*bm*-IC